

# Morgunblaðið

25. tbl. 60. árg.

FRÍÐJUDAGUR 30. JANUAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.

Sjálfstæðisflokkurinn heitir á Íslendinga:

## „Mætum ógninni með þegnskap og samhjálp“

— sagði  
Jóhann  
Hafstein  
á Alþingi

**Einróma samþykkt Alþingis um neyðarráðstafanir**

Á ALÞINGI var í gær einróma samþykkt þingsályktunartillaga um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum. Samkvæmt tillögnum skal 7 manna þingkjörin nefnd gera tillögur um fjáröflun til frambúðar, en ríkisstjórninni er veitt heimild til bráðabirgðalántöku. Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að ljósa nefnd skipaða sjö alþingismönnum kjörnum hlutfallskosningu í sam einuðu Alþingi til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins á Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögum sínum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu víð það miðaðar, að bústífar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega.

Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að taka bráðabirgða lán í Seðlabanka Íslands eða annars staðar, að fjárhæð allt að 500 milljónir króna, til þess að standa undir kostnaði, sem þegar er áfallinn, og margvisleg um ráðstöfunum, sem ekki verður komið hjá að gera án tafar. Bráðabirgðalán þetta skal endurgreitt af væntanlegri fjáröflun samkvæmt ákvörðun Alþingis. Ráðstöfun fjár þess, er tekið Framhald á bls. 15

### Hafna tillögu um löndunarban

**Tími flotaverndar kann að koma — segir Sir Alec Douglas Home**

London, 29. jan. NTB—AP BREZKA stjórnin hafnaði í dag tillögu eins þingmanns um að ráðherranefnd Efnahagsbandaágs Evrópu yrð



Brunarústir í Vestmannaeyjum. Eldfjallið nýja í baksýn. — Ljós.: Kr. Ben.

Vopnahléd í framkvæmd:

## Blóðugustu bardagar stríðsins í Vietnam

— háðir eftir að vopnahléd átti að vera gengið í gildi

Saigon, 29. janúar — NTB-AP DAGURINN í dag var einn sá blóðugasti í allri sögu Viet-

namsstríðsins. Tilkynningar bárust um óteljandi brot á vopnahlénu og í kvöld geisdu harðir bardagar á mörgum stöðum í Suður-Vietnam. Yfirherstjórn landsins áætlaði, að fjöldi fallinna hjá báðum stríðsaðilum væri orðinn nær 1800 frá því að vopnahléssamningurinn gekk í gildi. Þá hafa einnig horizt fregnir af hörðum bardögum í Kambódíu. Talsmaður Saigons-stjórnarinnar lýsti því yfir, að Vietcong og Norður-Vietnamar hefðu rofið vopnahléd 480 sinnum á fyrsta sólarhringnum eftir að vopnahlé átti að hafa komið á.

er fulltrúum Norður- og Suður-Vietnams, Bandaríkjamanna og Vietcong, kom saman til síns fyrsta fundar í dag. Niúttíu Norður-Vietnamar urðu að biða á flugvelliðum í Saigon í margar klukkustundir, áður en þeim var heimilað að fara frá flugvélum sínum. Þeir neituðu að undirrita ferðaleyfisskjöl, sem krafist var af þeim, og var ástæðan sú, að slíkt mætti túlka sem viðurkenningu þeirra á stjórn Suður-Vietnams. Áður höfðu 12 fulltrúar Vietcong farið eins að.

### ÁFRAMHALDANDI HERNADUR Í LAOS

Bandarískar herflugvélar halda áfram aðgerðum sínum yfir Laos. Var frá þessu skýrt af hálfu bandaríska varnarmálaráðuneytisins í dag. Talsmaður ráðuneytisins vildi ekki gefa nánari upplýsingar, en staðfesti, að bandarísk flugerinn héldi áfram aðgerðum sínum til stuðnings stjórnarhernum í Laos.

Framhald á bls. 31

### Morgunblaðið í dag ....

er 32 síður ásamt 8 síðna íþróttab. aðl.	
Fréttir 1, 2, 5, 30, 31, 32	
Spurt og sva. að —	
Skattgreiðendur spyrja	4
Afhending	
Silfurhestsins	3
Allt fer í athugun, ...	
grein eftir Árna Johnsen	10
Byggðasafnið flutt í land	11
Gosið tekur hamskiptum eftir Elinu Pálmadóttur	12
Heimsókn í vöruskemmu í Sundahöfn	14
Þingfréttir	15
Þáttur varnarliðsins	16
Þáttur af eldi —	
Hafnarhrif — eftir Matthías Johannessen	17
Ýmsar fréttir í sambandi við Vestmannaeyjahamfarirnar	30, 31

### Íþróttablaðið

Hlaup — sund —	
lyftingar	35
Handknattleikur	36, 37
Hnefaleikar	38
Körfubolti	40

Eftirlitsnefnd sú, sem skipuð



# Nýja eldfjallið orðið 180 metrar á hæð

## Engin hús höfðu í gærkvöldi brunnið frá því á laugardag

ENN brunnu 12 hús í Vestmanna eyjum sl. laugardagskvöld, er suðaustanáttin feykti glóandi hraunslettum inn yfir kaupstaðinn. Lítið vikugros var um helgina, þótt óskuhryður hafi gengið yfir bæinn, en frá upphafi gossins reikna verkfræðingar með að um 2 til 3 milljónir rúmmetra af vikri og ösku hafi fallið yfir byggðina. Bergtegundin, sem myndast í eldgosinu er mjög sjaldgæf og finnst aðeins á tveimur öðrum stöðum á landinu, en viðhöfn við Heimaey, sem gosið hefur myndað, var í gær orðin 1 ferkilómétrí að stærð.

Vestmannaeyjum í gærkvöldi, frá Árna Johnsen. 12 hús brunnu sl. laugardagskvöld í austurbænum á Heimaey, þegar suðaustanátt skall á um kvöldið og feykti glóandi hraun- og vikurslettum yfir bæinn. Hraunmolar köstuðust í gegnum gluggarúðu og kveiktu í húsum-um.

Ekkert hjálparlið hafði verið til staðar til þess að byrgja austurglugga húsanna í bænum. Daginn eftir komu 70 trésmíðir frá Reykjavík og negldu mjög skipulega járnþötur fyrir austurglugga húsanna í austurbænum. Eru þeir nú komnir að Kirkju-

vegi. Þá hafa matgir meginlandsbúar komið Eyjaskeggjum til hjálpar síðustu daga og hafa þeir ykið aðáum Eyjaskeggja fyrir dugnað í björgunarstarfinu. Um helgina vann sjórinna í bágu Eyjaskeggja og breikkaði aftur innsálgunguna í Vestmanna eyjahöfn og dýpkaði þar sem grynnaað hafði, með því að söpa burt og brjóta norðurhraunkantinn nýja.

Lítið vikugros var í Eyjum um helgina, en þó komu óskuhryður inn yfir bæinn. Ekkert þó í líkingu við það, sem varð fyrstu öskufallsnóttina. Samkvæmt útreikningum verkfræðinga er talið, að um 2-3 milljónir rúmmetra af vikri og ösku hafi fallið ið á byggðina, en aska sést varla utan byggðarinnar og öll suður-eyjan er hrein. Láta mun nærri, að meðalöskupykktin á stærstum hluta þegarins sé um 30 sm þykk aska. Talað hefur verið um, að þyrlurnar geti illa lent, þar sem aska er, en helmingur eyjarinnar er sem fyrr segir laus við ösku.

30 gráðu hlíðarhalli er nú á Kirkjufelli, eins og nýja eldkeili er nefnd hér af öllum. Ber hún nafn Kirkjubæjanna og hús ið Kirkjubær var fyrsta húsið, sem fór undir hraun í þessu gosi. Er þessi halli sami hlíðarhalli og á Helgafelli. Hæð Kirkjufells var í gær orðin 180 metrar, en hæð Helgafells er 227 metrar. Er lögun Kirkjufells mjög ámóð og lögun Helgafells.

Sveinbjörn Björnsson og Leó Kristjánsson, jarðeðlisfræðingar hjá Orkusstofnun og Raunvísindastofnun Háskólans sögðu í gær í viðtali við Mbl., að um miðjan dag 26. janúar hefðu jarðskjálftar á minnkað mikið. Síðan hefur þeirra heilt orðið vart við sprengingar í gígnum.

Halldór Ólafsson aðstoðarmaður og Sigurðar Þórarinnsson, prófessors, gerði í gær nýja öskumælingu í kaupstaðnum. Í boga línu frá Kirkjubæjarbraut að kirkjunni og austur að Gerði er meðal öskupykktin nærri 1 metri. Í bogalínu frá Grænuhlíð um Vallagötu og að Söleyjargötu er öskupykktin nærri 70 sm. En á stærstum hlutum þegarins er hún 30 sm og allt niður í 10 sm.

Í gær voru jarðburtur og veghefill byrjaðir að ryðja göturnar og gekk þá greðilega. Hins vegar eru engin tekið hér ennþá til þess að hefja hreinsun í bænum. Láta mun nærri, að 60 hús séu hrunin og hulin ösu í Ey-

um, og hefur austasta byggðin og suðaustasti hluti hennar orðið verst úti. Hins vegar er ekki metra hátt öskulag við húsinn norðan Bústaðarbrautarinnar.

Hjálparveitirnar í barnaskólanum halda stöðugt áfram að flytja innbú hús, en skortur er á mönnum í afleysingar og sérstaklega vantar bíla til flutninga. Vinna menn sleitulaust og má segja, að þeir séu orðnir úrvinda af þreytu.

Fjórir kokkar komu frá Reykja vík í gær, og leystu kokkinn af, sem hafði stjórnað mótuneyti Íslags'sns, síðan gosið hófst. Hefur þar verið sleitulaust unnið. 600 Framhald á bls. 31

# 168 íbúðir boðnar fram

## TILBOÐ um 168 íbúðir höfðu borizt íbúðakömun Rauda kross Íslands síðdegis í gær, en í fyrrakvöld voru þau 30 talsins.

Egbert Ásgeirsson, framkvæmdastjóri RKÍ, sagði Mbl. að nú yrði farið í að kanna þessar íbúðir og finna leiðir til að framkvæma það, sem gera þyrfti sums staðar til að hægt verði að flytja inn í íbúðirnar. Að sögn Egberts eru flestar íbúðanna 168 í Reykjavík og nágrenni.

## Skippsskaðar fyrir austan:

# Loðnuskip sökkt, annað strandaði

## Dagfari ÞH 70 tvisvar í björgunarstörfum sama sólahringinn

NÚ RÉTT í upphafi loðnuvertíðar hafa tvö loðnuvéðiskip orðið úr leik, Jón Kjartansson SU 111 sökk síðdegis á sunnudag 2 sjómíli austur af Vattanesi og Reykjanes GK 50 strandaði í gær morgun við Hvalbak, en skipið losnaði af strandstöð og komst við aðstoð Dagfara ÞH inn til Eskifjarðar, en Dagfari hafði þá nokkrum klukkustundum áður bjargað allri áhöfn Jóns Kjartanssonar. Engin slys urðu á mönnum í þessum tveimur óhöppum, en báðar loðnumetur

skipanna týndust í sjónum og varaði Slysavarnafélag Íslands í gær skip, sem leið eiga um þess ar stöðir við nótnum, en þær geta verið hættulegar skipum á siglingu.

Neskaupstaðarráðið tilkynnti klukkan 10,24 á sunnudag, að vélskipið Jón Kjartansson frá Eskifirði hefði skýndilega lagzt á bakborðshlið. Þegar þetta gerðist var verið að ljúka við að deila loðnu úr nótt skipins og átti að fara að taka hana um borð. Skipið var þá stöðugt

undir Hvalbak. Tveir bátar voru í fylgd með Jóni Kjartanssoni, m.a. Dagfari ÞH. Kaldi var á og dálitill sjór. Lónaði skipið síðan til lands, en tilkynnt var að menn væri ekki í yfirvofandi hættu.

Um klukkan 11,15 breyttist skýndilega bakborðshallinn og lagðist skipið þá á stjórnborðshlið og var hallinn mjög mikill. Var þá sýnt að skipið var í yfirvofandi hættu og yfirgaf öll á höfnin skipið og fór um borð í Dagfara, nema 3 menn, skipstjórnin, Þorsteinn Erlingsson, 1. vélstjóri og 1. styrknaður. Yfir Framhald á bls. 31

# Valur og Fram unnu

Í GÆRKVÖLDI voru leiknir tveir leikir í 1. deild karla í handknattleik. Úrsilt urðu þessi:

Valur—Vikingur	21:17 (12:9)
Fram—Haukar	16:14 (8:4)

# MINNISBLAÐ VESTMANNAEYINGA

**ALMENN upplýsingaþjónusta:** Bæjarstjórn Vestmanna eyja og Raudí krossinn reka skrifstofu í Hafnarbúðum. Símar hennar eru þessir:

**Skiptiborð:** 25788. Samband við húsnæðisdeild, fjárhagsaðstoð, vinnumiðlum, eldhúsi, farangursdeild og óskilamuni, móttöku fjárfarmaga, skrifstofustjórn, upplýsingar um skipaferðir sjúkrasamlag og almennatryggingar, bæjarfógetaembættið.

**Beinir símar: 12089** — Upplýsingar um heimilisföng Vestmannaeyinga — aðseturs-tilkynningar.

**25831 og 25843** — húsnæðis máladeild. **11890 og 11994** — Upplýsingar um skipaferðir, bílaflutning o. fl. — Almennar upplýsingar.

**Næfursími** í Hafnarbúðum er 22203.

**Lækniþjónusta:** Vestmanna eyjaleknar hafa opnað stofur í Domus Medica við Egilsgötu og eru viðtalstímar sem hér segir:

Ingunn Sturlaugsdóttir: Kl. 09:00-11:30 og 13:00-15:00, sími 26519

E'na: Guttormsson: Mánudaga o' föstudaga kl. 14:00-16:00. Aðra daga, nema laug

ardaga, kl. 10:00-12:00, sími 11684.

Kristján Eyjólfsson, héraðs læknir: Kl. 10:00-12:00, sími 15730. Einnig viðtalstími að Digranesvegi 12 í Kópavogi kl. 14:00-16:00, sími 41555.

Óli Kr. Guðmundsson, yfir-læknir: Tímápanantir eftir samkomulagi í síma 15730.

Einar Valur Bjarnason, yfirlæknir: Tími auglýstur síðar.

Einn læknir mun hafa þjónustu að staðalri í Vestmanna eyjum og munu lækarnir skiptast á um hana.

**Heilsugæsla:** Ungbarnaefntir lit verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og starfar heilsu verndarhjúkrunarkona frá Vestmannaeyjum þar.

Fólk, sem dvelst í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, er heimilt að leita til heilsuverndarstöðva viðkomandi svæða. Tímápanantir æskilegar.

Mæðraeftirlit fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Tímápanantir æskilegar.

**Almannavarnir:** Upplýsinga-sími er 26120.

**Póstur:** Afgreiðsla á pósti til Vestmannaeyinga er í kjallara Pósthússins, gengið inn

frá Austurstræti, kl. 09-18, sími 26000. Ráðastafanir verða einnig gerðar til að bera út póst til þeirra, sem gefa upp ákveðið heimilisfang á höfud borgarsvæðinu eða annars talaðar.

**Upplýsingasími lögreglu-**nar í Reykjavík: er 11110.

**Húsdýr Vestmannaeyinga:** Upplýsingaþjónusta Sambands íslenskra dýravæðingum arfélagi er í síma 42580, eftir hádegi.

**Fjárhagsaðstoð:** Skrifstofan í Hafnarbúðum veitir styrki og Vestmannaeyjafélagið útvegsbankans og Sparisjóðir Vestmannaeyinga veita lánafræðislu. Hjálparstöður æskufólks styrkir æskufólk; umsóknir sendist Magnúsi Sigurðssyni, Hofteigi 18.

**Fatnaður:** Systrafélagið Alfa, félag innan safnaðar að ventista, úthlutar fatnaði til Vestmannaeyinga í kjallara Aðventkirkjunnar, Ingólfsstræti 19.

**Akureyri:** Skrifstofa Vestmannaeyjanefndarinnar er í Hafnarstræti 107, 3. hæð, símar 21202 og 21601. Upplýsingaþjónusta, útvegum húsnæðis og atvinnu, tekið á móti fram lögum í fjársöfnun á vegum

RK-ðeldar Akureyrar. Úthlutun peninga til Vestmanna eyinga fer fram árdegis. Opíð kl. 10-19, en á öðrum tímum má ná til nefndarmanna í símu 11546, 21842 og 11382.

**Selfoss:** Vestmannaeyingar snú sér til skrifstofu Selfoss hrepps, Eyrarvegi 6, símar (99)1187 og 1450.

**Hafnarfjörður:** Vestmannaeyingar snú sér til bæjar-skrifstofanna, Strandgötu 6, sími 53444.

## ORÐSENDING TIL VESTMANNAEYINGA

Tilkynnið skrifstofunni í Hafnarbúðum allar breytingar á dvalarstöð.

Vestmannaeyingar, sem hafa ekki tilkynnt niverandi dvalarstöð sinn til skrifstofunnar í Hafnarbúðum, eru þeirri boðin að gera það strax og því verður við komið. Þetta á jafnt við þá, sem dveljast í Reykjavík og nágrenni, sem og við þá, sem dveljast annars staðar á landinu.

Þeir, sem hafa skipt um dvalarstöð síðan þeir komu frá Vestmannaeyjum eftir að gosið hófst, eru sérstaklega boðin að tilkynna nú þegar, hvar þeir dveljast, nema það hafi verið gert þegar.

Auk götu og húsnúmers, eða húsheltils, þarf að tilkynna fæðingardag og -ár, og enn fremur nafn og simanúmer þess húsráðanda, sem dvalizt er hjá.

Þeir, sem ekki koma sjálfir í skrifstofuna í Hafnarbúðum og tilkynna dvalarstöð sinn — eða láta aðra gera það — eru boðin um að síma umboðnar upplýsingar eða póstsenda þær.

Það skiptir miklu máli, að Vestmannaeyingar tilkynni áfram skrifstofunni í Hafnarbúðum jafnóðum allar breytingar, sem verða á dvalarstöð þeirra.

**Íbúðarmenn:** Landssamband íbúðarmanna veitir aðstoð, m.a. við vinnuflögu, á skrifstofunni í íbúðarbankahúsinu, Lækjargötu 12, kl. 09-17, símar 12380, 15095 og 15363.

**Sjómenn:** Ötvegsbændafélag Vestmannaeyja hefur skrifstofu í húsnáknunum L.L.O., Hafnarhövi, sími 16650.

**Veskafólk:** Á skrifstofu A.S.I., Laugavegi 18, er veitt þjónusta öllum nágrámsmönnum verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum, sem aðila eiga að A.S.I. kl. 09-17, sími 19348.

**Ötúð Ötvegsbankans** í Vestmannaeyjum: Afgreiðsla þess er í Ötvegsbankanum við Lækjartorg, opíð kl. 09:30-15:30, sími 17060.

**Sparisjóður Vestmannaeyja** — Afgreiðsla hans er í Seðlabankanum við Hafnarstræti, opíð kl. 09:30-15:30.

**Vélmisliðjurnar** í Vestmannaeyjum: Skrifstofa í Garðastræti 41, símar 17882 og 25531.

**Afgreiðsla Eimskips í Vestmannaeyjum:** Skrifstofan er í Eimskipafélagshúsinu, Pósthústræti 2, sími 21460, innan húsnúms er 63.




# HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

Árni Johnsen skrifar frá Vestmannaeyjum:

## ALLT FER Í ATHUGUN, ATHUGUN, ATHUGUN...

...á meðan brenna hús í Eyjum og búslóðir skemmast



Á þessari mynd sést glögg, hve hátt nýja eldfjallið er orðið. Það er næstum því eins hátt og Helgafell, sem einnig sést á myndinni. Helgafell er 227 metrar en nýja fjallið var 189 metrar í gar.

— Ljósmynd Sigurgeir Jónasson.

SINNULEYSI íslenskra stjórnvalda og lognmolla í nauðsynlegum, skjótum aðgerðum vegna eldgossins á Heimaey hefur sannað Vestmannaeyingum enn einu sinni, að aldrei skildu þeir treysta öðru en eigin frumkvæði.

Drengskap virðum við mikils og stuðning manna á milli, þegar eitthvað bjátar á. Því þótt Vestmannaeyingar séu oft kallaðir mestu einstaklingshyggjumenn landsins, þá er samhugur Eyjaskeggja órjúfanlegur, þegar á reynir.

Líð vaskra manna frá meginlandinu hefur komið Vestmannaeyingum til hjálpar á síðustu dögum og það þykir okkur vænt um. Sama er að segja um yfirlýsingar erlendra þjóða um stuðning við Vestmannaeyingar vegna þess ófremdarástands, sem nú ríkir um sinn á þessum litlu eyjum með mikla athafnalíf. Mun fleiri menn hefði þó þurft. Því hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkt að þiggja öll tilboð um stuðning í þessu máli, innlendan og erlendan, hvort sem um er að ræða fjárhagsaðstoð eða tæknaaðstoð.

Það er selt að gefa ein þiggja og sjaldan hafa Vestmannaeyingar verið þiggjendur, en nú er um það að ræða, hvort Vestmannaeyjar verði áfram byggðar því mannlífi, sem hér hefur þróast og það setla Vestmannaeyingar sér svo fremi, að þess sé nokkur kostur.

### SKÖMM SÉ ÞEIM ER ÞAÐ GERIR

Sú erlend þjóð, sem brást fyrst við og bauð stuðning, voru Bandaríkinn, en vegna þess, að það boð hentar ekki einhverjum í ríkisstjórn Íslands, er reynt að stinga boðinu undir stól. Hagsmunum Vestmannaeyinga er ruglað saman við grunnhyggna pólitík. Skömm sé þeim er það gerir.

Nú eru líðin 8 dagar síðan ósköpin dundu yfir á Heimaey, og enn er ríkjandi fum og fálmi í öllum aðgerðum, sem skipta máli. Tugir húsa eru undir ösku, önnur brunnin til ösku, og víða í bænum eru þök fjölmargra

húsa í yfirvofandi hættu vegna öskumagns, sem á þeim hvílir. Þeir fámennu björgunarhópar heimamanna, sem hafa unnið sleitulaust alla sí. viku vinna að sjálfsögðu ekki lengur með fullum kröftum og rökréttir hugsun. Lögð hefur verið áherzla á að bjarga húsbúnaði úr húsom og ekki hefur verið hægt að vinna það fyrirbyggjandi starf, sem þurft hefði í upphafi. Það hefur kostað mörg hús, að ekkert líð var hægt að setja í að birgja g'ugga þeirra, og ekkert líð hefur getað sinnt þökunum, sem víða hafa fallið undan öskupungunum og sprengt veggina. Það hefur víða vantað menn í Eyjum síðustu daga.

Á meðan láta íslensk stjórnvöld það viðgangast, að flest mál fari í nefndir og sú staðreynd er ekki virt, að allt þetta mál þarinnast skjótra aðgerða og afgreiðsu. Allt fer í athugun, athugun, athugun og aftur athugun. Og ef eitthvað er samþykkt virðast menn svo glaðir, að þeir gleyma að málið er sibreytlegt. Meðferð þessa máls á flestum sviðum minnir á stöðu sildar í þækli, þar sem tunnan er lokuð.

Á sama tíma og leyfi Eyjaskeggja til þess að leggja hönd á þjógnin og snúa heim og líta eftir eignum og hjálpa til, er ekki sinnt nema mjög takmarkað, er boð varnarliðsins á Keflavíkflugvelli um aðstoð sniðgengið eins og hægt er. Þyrla frá varnarliðinu var jú nógu góð til þess að flytja sauðkindur Eyjaskeggja til lands.

### HVERT VAR TILBOÐ BANDARÍKJANNA?

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hafði ekki í gær fengið að vita hvert tilboð Bandaríkjastjórnar væri. Ríkisstjórnin liggur á því. En hægt hefur, að það nemi milljörðum króna, þó að minna mætti gagn gera. Þá svaraði bæjarstjórn Vestmannaeyja því aðspurður, að honum hefði ekki verið sagt hvaða aðstoð varnarliðs hefði boðið.

Hins vegar könnuðum við sjálfir þetta mál í gær og töluðum við varnarliðsmenn. Þeir hafa boðið þrjár stóru Douglas-flugvélar, sem þeir hafa og stóru þyrlurnar þrjár og allt líðið sem þeir geta sent. Þeir hafa sent tvo slökkviliðsbíla, sem þó eftir tvo sólarhringa hjá Almanna-vörnum, voru ekki komnir til Vestmannaeyja í morgun. Á sama tíma brunnu fjölmörg hús hér. Auk þess hefur varnarliðs boðið sérþjálfaðar flutningsveitir íslenskra manna til hjálparstarfa. Enn allt þetta hefur druknað í kerfinu. Það er í athugun og á meðan brenna hús í Eyjum, búslóðir skemmast meira og minna vegna þess að tími er svo namur og allt starf vantar heildarstjórn og skipulagningu. Þær Herkules flugvélar, sem varnarliðs hefur stáðsett á vellinum eru búnar stórum bensingeymum, svo að þær mundu ekki koma að notum. En það væri ekki úr vegi að fá slíkar vélar erlendis frá, vélar, sem flytja tugi tonna og bíla af öllum stærðum.

### EYÐILEGGINGIN ER NÓG, ÞÓTT...

En við verðum að bita í það súra epli, að eigingimi og þröngsýni stjórnarráðanna er hagsmunum Vestmannaeyinga yfirsterkari. Það þarf mannskap til að hreinsa ösku af húsbökum og götum. Hraungosið er ekkert vandamál þessa dagana og þar sem þetta eldgos er ekki stórt eldgos verður að búast við því, að það standi ekki lengi. Nýja eldkeilan er nú langt komin að ná hæð Helgafells. Og hvað sem verður eru þeir sem hafa unnið í Eyjum gosdagana og fylgt með málum hjart-sýni á gang mála, þrátt fyrir allt.

Við ítrekun þá kröfu, að íslensk stjórnvöld tryggji það, að hingað komi 500—1000 manna vinnuflokkar þegar í stað og hefji vinnu við hreinsun og uppbyggingu þar sem skóð er yfir fyrir skíði.

Vestmannaeyjar hafa oft verið kallaðar gullkista Íslands og það borgar sig ekki að hafa þann skjöld

tættan. Á meðan menn halda lífi gróa sár og það myrka fyrnist. Því mun Vestmannaeyjakaupstaður aftur verða sá snyrtilegi bær með bjart yfirlit, en til þess þarf starf nú þegar. Eyðileggingin er nóg, þó að sinnu leysi stjórnvalda og ræðifórnur auk hann ekki.

Það þarf að flytja tugi malarflutningabíla og stórvirk tæki til Eyja nú þegar. Ekkert hanga lengur. Hvað unnu margir menn og bílar við Búrfellsvirkjun, Lagarfossvirkjun og annað, sem unnið hefur verið að? Vestmannaeyjar eru dýrmætari. Það er eldki hagur Vestmannaeyinga einna, að byggðin dafni þar á ný. Það er hagur allrar þjóðarinnar eins og hagskýrslur sanna svo áþreifanlega. Því er það eðlilegt, að efnahagsráðstafanir þurfi að gera vegna þessa máls. Því verðum við að vera viðbúin þeim stríðum, sem okkar eldfjallaland getur sett í reikninginn.

### FRUMKVÆÐI BÆJARSTJÓRNAR

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur nú tekið frumkvæðið í því, að þiggja alla erlenda aðstoð sem býst, hvort sem það er fjárhagsaðstoð eða tæknaaðstoð og því er ekki ástæða til þess um sinn að ákvarða aukaálagur á alla landsmenn vegna þessa óhapps. Það ástand, sem nú er í Vestmannaeyjum, er einstakt á Vesturlöndum, og eins og okkur þykir sjálf sagt að styrkja þá, sem verða fyrir óhöppum í hinum stóra heimi, er ekki óláklegt, að þeir sem standa okkur næst í hugsun og menningu vilji leggja fram líð sitt í þessu máli. Þeir sem hafa kynnt Vestmannaeyjum og því mannlífi, sem þar hefur þróast, vilja ekki horfa á það splundrast.

„Eins og safir greypur í silfurhring“, sagði þjóðskáldið Einar Benediktsson um Vestmannaeyjar í einu ljóða sinna. Enginn vill týna dýr mætum eðalsteini úr hring sinnum.

Ef íslensk stjórnvöld rugla saman fjárhagsaðgerðum þjóðarinnar og þessu tímabundna óhappi Vestmannaeyinga, sýna þau Vestmannaeyingum þá litilsvirðingu, sem þeir eiga hvorki skilið né vilja sitja undir. Vestmannaeyingar vilja ekki verða bedlilýður á Íslandinum, þó að þeirra hlutur í gjaldleysisverðmætum hafi hingað til verið all rífligri en annarra.

### ÞVÍLÍK FIRRA OG SMÁN!

Það hefur flogið fyrir, að íslensk stjórnvöld ætli sér að blanda ventanlegum samningsbundnum kauphækkunum, álági á söluskaft, skætti á bændur og álági á eignaskatt saman við aðgerðir vegna eldgossins á Heimaey. Þvílík firra og smán. Nög hefur almennigur samt og Vestmannaeyingar hafa stærri hug en svo, að þeir vilji leggja á „breiðu bökinn“. Erlend lán væru t.d. eðlilegri, heldur en að óhapp Vestmannaeyinga verði afsökum íslenskra stjórnvalda í því eldgos, sem efnahagsaðgerðir valdhafa eru.

Vestmannaeyingar eru fjórir til vina. Þeir gleyma seint þegar þeim er sýnd litilsvirðing. Á viðkvæmri stund, skal aðgát höfð í nærveru sálar. Ekkert vitleysis stjórnarrúm varp í þessu máli.

Að sjálfsögðu eru flestir Eyjaskeggjar, sem nú dvelja á megin-



# HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

landinu óttaslegnir, og trúa því jafnvel, að þeir eigi ekki eftir að búa í Eyjum aftur. En gosið hættir og þá fer brinskapíð og austanáttin aftur að hlaupa í menn, Eyjarnar munu toga í, því enginn Vestmannaeyingur vill af þeim missa.

Einhver hafði á orði, að þetta eldgos væri frá hinum vonda komið. Ef svo er, mætti ætla, að gosið hefði komið upp í byggð. Forsjónin er því með okkur, svo freml, að þerinn standi upp úr, og óskugosið hefur farið minnkandi.

Menn geta tapað klæðum sínum og það er tjón, eða húsnum sínum og það er enn meira tjón. Ef sár á líkama og geði verða ekki of djúp, gróa þau um heilt. Við verðum nú að sjá til hvað setur um framtíð eyjunnar okkar, en við skulum ekki sitja aðgerðalausir með hendur í buxnavösum. Það þarf meira til en flugpappir af skrifborðsflöt og niður í skúffuna. Við skulum gefa okkur tíma í þækilinn þegar betra veður verður.

## Í SPOÐUM LUNDANS

Það er mikill aska á svæðinu fyrir ofan Búastaðabraut, en síðan fer hún

svarminkandi eftir því sem norður og vestar dregur. Ný byggð Kirkjubæjnga rís vonandi vestur eða suður af Heimaey. Það er einnig mikill aska fyrir austan Vilpu, en fyrir ofan Hvíld er engin aska og það var dýrðardagur, þegar við skrúppum upp á Stórhöfða í gær. Að sleppium norðurfrjöllunum var gamla góða Heimaey, eins og hún átti að sér að vera, hrein og snyrtileg. Og lundinn mun koma í vor með hinum bjargfluglumum. Ef ástandið versnar ekki, mun hann hreinsa út úr holunum sínum og hefja sumarþúskapinn með fjóðasöng lengi kvöldis og nætur.

Askan er ekki ennþá eins mikil og mestu snjóskafli í Eyjum. Þó að hún verði fyllt austur fyrir fel og skörðin fyllt, þá verður nóg eftir í uppbyggingu og ræktun, því til þegga hluta er hún fyrirtak.

Vestmannaeyingar eru nú í sporun lundans. Þeir þurfa að búa um sinn fjarri heimabyggðinni, en heima þúskapurinn hefst aftur sé þess kost ur við þverrandi átök í iðrum jarðar.

Með aðstoð góðra manna, fastri og ákveðinni stjórnun, á gullkista Íslands vonandi eftir að hrista af sér

svertuna. Frumkvæði Vestmannaeyinga er ekki aldellis úr sögunni. Það er hugur í þeim ungu mönnum, sem hafa unnið ofboðslegt starf á Heimaey síðustu daga. Sami hugur og kveikti frumkvæði Eyjamanna fyrrum, þegar þeir byggðu fyrsta barnaskóla landsins, fyrstu sundlaugina, létu smíða fyrsta varðskipið sjálfir, sæsimastreng, vatnsleiðsluna til lands, byggðu höfnina og stofnuðu eigin stýrimannaskóla, til þess að vera betur vandanum vaxnir sem „gullkista Íslands“.

## HVAÐ ER EITT ELDGOS?

Hvað er eitt eldgos í aldanna skauti? Vonir okkar og vilji spanna meira.

Íslensk stjórnmöld. Sýnið drengskap. Ruglið ekki óhappi Vestmannaeyinga saman við áður ákveðnar efnahagsráðstafanir, því það verður ekki fyrirgefið. Standið með okkur í endurreisn Eyjabýggðar. Það er ekki hægt að neita aðstoð nú, en það er ekki sama hvernig hún er boðin. Það er óþarfi að slá mann fyrst, áður en honum er boðin aðstoð.

Sorglegir dagar munu líða hjá.

Þeir verða skráðir í þá alvarlegu minningabók, sem geymir sagnir um Tyrkjaránið, lífmíssi yfir 500 sjómanna frá Vestmannaeyjum á þessari öld og fleira.

En þrátt fyrir böll og alheimsstríð, þá verður aftur þjóðhátíð, segir í einu þjóðhátíðarkvæðinu. Og þegar sólin rís yfir nýrri öldkeilu á Heimaey, Kirkjufelli, yfir hljóðnaðar eldstöðvarnar fram í aðinnar, þá verður þess ekki langt að líða að aftur verði sungið í Eyjum:

„Manstu okkar fyrsta fund,  
íörðum daga í Eyjum  
Barnaleg og blíð í hund,  
barstu af öðrum meyjum.  
Ég var ungur eins og þú  
einn af þorpissnáðum,  
Sama von og sama trú,  
sama þrá hjá báðum.“

Íslensk stjórnmöld. Við erum á reiki í bringaröðnum. Takið áralag með okkur gegnum bringaröðin til stafa með huga og hönd.

Vestmannaeyjum, aðfararnótt mánudags. Lesið upp kl. 5 að morgni í síðkvistöð Vestmannaeyja, fyrir líðið þar og fyrir hjálparsvéitirnar í barnaskólanum. Samþykkt samhljóða.



Byggðasafn Vestmannaeyinga á marga merka muni. Hér er Þorsteinn Viglundsson að ganga frá til flutnings. (Ljósma: Sigurgeir).

# Byggðasafnið flutt í land

Þyrlu hafnað fyrir Kjarvals-safnið — sem fór í gáma

Frá Elínu Pálmadóttur í Vestmannaeyjum.

**BYGGÐASAFN** Vestmannaeyja var á sunnudag flutt frá Eyjum með Dettifossi. Þorsteinn Viglundsson, sparisjóðsstjóri og forstöðumaður safnsins, var um morguninn að ganga frá safninu til þökkunar í gáma, er fréttamann Mbl. bar þar að, og hafði fengið hjálparlið frá björgunarsveitunum.

Þarna mátti sjá marga fallega og metna muni, sem ekki var tími til að skoða né ræða um. Þorsteinn sagði, að allt safnið yrði flutt brott, nema stærstu og þyngstu hlutirnir, þar á meðal prentvélin úr prentsmíðju Gísla Johnsen, sem er frá 1890 og svo þung, að undirstaðan er geymd úti, en hún þykir hinn merkasti gripur. Allt smærri var sett í gáma og flutt. Ekki vissi Þorsteinn hvað um það yrði.

— Þjóðminjavörður hefði boðist til að geyma gripina, og hann mætti loss gámana í Þjóðminjasafnið. Helzt vildi hann fá að hafa safnið í þeim, og geyma þá, þar til ákveðið yrði, hvað hægt verður að gera við safnið. En gámar eru dýrmaetir nú í Eyjum, og hann vissi ekki, hvort hann yrði að losa þá þar.

Þorsteinn var búinn að fara þrjár ferðir til lands, síðan gosið hófst. Fyrst flutti hann sparisjóðsskjóla með Heklu, þá kom hann til baka „með eða án leyfis“, eins og

óhætt er að orða það. Næst lá fyrir að bjarga Kjarvals-safninu, sem er eign bæjarins, í því eru 34 málverk eftir Kjarval og fleiri myndir eftir aðra, og eru Kjarvals-myndirnar einar virtar á yfir þrjár milljónir króna. Málverkin eru ásamt miklu bókasafni, sem byggðasafnið á, geymd heima hjá Þorsteini og hús hans er í austurbænum, þar sem hættan var mest og þangað fór hann til að ganga frá þeim.

— Þá hringdi bandaríski listaverkafraeðingurinn Ponsi,

sem búsettur er á Íslandi, og þekkti safnið. Hann var þá búinn að ganga svo frá, að varnarliðið lánaði þyrlu og sekti safnið til að bjarga því, sagði Þorsteinn.

Hann kvaðst hafa hringt í Pétur Sigurðsson, sem ekki mátti vera að því að sinna því máli. Þá hugaði Þorsteinn með sér, að „eina væri þó yfir Pétri“, eins og hann orðaði það, og hringdi til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra, sem lofaði honum að athuga málið og líkka það við Pétur. Um kvöldið hringdi

hann svo aftur og sagði að Þorsteinn skyldi setja safnið í gáma, og mætti flytja það út í varðskipið Árvakur.

Nú var komið þriðjudagskvöld, og Þorsteinn var í húsi sínu, þar sem glóandi hnullungarnir skulu niður í kring, og ekki hafði hann neina gáma handþæra.

— Ég var þarna einn í húsinu, og rafmagnsið fór, sagði Þorsteinn. — Ég kveikti þrjú kertaljós og hélt áfram að vinna við þau. Ég sá hús vinnu og kunningja í björtu balli skammt frá. Þeirri nótt í

myrkri og innan um glóandi grjóthriðina, gleymi ég aldrei, sagði Þorsteinn.

Á miðvikudag „sta“ svo Þorsteinn tveimur gánum hjá Skipaútgærdinni, „þó eiginlega með leyfi“, sagði hann. Og málverkin fóru á miðvikudag út í Árvakur. Síðan hef ég ekki hugsað um þau. Þau eru á öruggum stað, sagði Þorsteinn.

Og Þorsteinn hélt áfram að þakka. Hjá honum er m. a. mikill bókasafn, sem Byggðasafnið á, utan hans eigin bókasafns. T. d. eru í því öll blöð, sem hafa komið út í Eyjum utan tvö, sem ég veit um í Landsbókasafni, sagði hann, og alls konar skjöl. Nú var bara eftir að koma burtu því, sem eftir var.

— Við unnum við að þakka því í gær, ég og menn, sem með mér komu frá Reykjavík, tveir synir mínir, dóttursonur mín og sonur tengda sonar míns og fylgdamaður.

— Og ekki má gleyma lög-regluþjónunum, sem hlagað hafa komið til aðstoðar, sagði Þorsteinn, — og aldrei legði á líði sínu, og hlaupið til að hjálpa mér, ef ég hef þurft á að halda. Þeir hafa unnið frábært starf.

Nú voru gámarnir að koma að dýrunum, og ekki lengur til setunnar boðið. Maður tefur ekki fólk í Eyjum, þegar svona stendur á, en minjasafnið hefur ventanlega farvinna við þau. Ég sá hús vinnu og kunningja í björtu balli skammt frá. Þeirri nótt í






Á sunnudagsmorgun eftir hryðjuna á laugardag logaði upp úr húsum, sem grafin voru í öskunni. — Hvort kviknað hafði í á undan eða eftir að þau grófust var ekki gott að segja.

# Gosið tekur ótrúlegum hamskiptum

Varpar glóandi steinum eins og risi í slöngvukasti

SÁ, sem kemur til Vestmannaeyja í fáa klukkutíma, þegar eldgosið er upp á sitt bezta eins og á sunnudaginn, veit ekki hvílkum hamskiptum það getur skyndilega tekið. Það höfum við reynt, sem höfum verið hér um helgina. Á sunnudagskvöld bar glóandi eldinn við heiðan himin og spýttust hátt upp í geiminn sletturarnar úr nýja fjallinu, sem komið er þarna við hliðina á Helgafelli, líklega 170 metra hátt, og glóði á binginn. Það var eins og fögur flugeldasýning. En sú mynd stendur ekki nema stutta stund. Gosið getur líka spúið svörtum strókum og kastað glóandi grjóthríð og eyðandi ösku yfir byggðina, þegar vindátt breytist. Þá á orðtekið „að spúa eldi og brennisteini“ raunverulega við. Þeir, sem hér hafa upplifað þetta, munu aldrei framar nota það orðatilteki gáleysislega.

Síðdegis á laugardag upphófst þessar ægilegu hamfarir. Grjótregnið dundi hér yfir bæinn. Það var eins og rísa slöngvukasti gengi berserksgang. Glóandi steinar komu fljúgandi og dundu á húsum og götum um allan bæ, féllu allt vestur fyrir Hótel H.B., vestast í bænum. Ég get ímyndað mér að eitthvað svipað hafi verið hér á ferð, eins og í skotgröfunum í stríðinu 1914–18, þegar fallbyssukúlu og sprengibrotum rignði niður kringum þennar. Austast í bænum fóru þessar glóandi gjallbómur víða inn um glugga húsa og kveiktu í gluggatjöldunum, eða inn á gólf. Slökkvilið og lögregla var á stöðugri ferð, til að reyna að slökkva slíkt áður en það yrði að báli eða að minnsta kosti að verja næstu hús og koma í veg fyrir keðjubruna. Þeir sinntu 40



Húsbúnaðinum er staflað upp í geymslum, hvar sem þær er að fá, mest í barnaskólanum, fiskhúsunum og stöku bílskúrum. (Ljós.: Kr. Ben.)

slíkum útköllum í grjóthríðinni. Oft tókst að slökkva, en fimm hús brunnu alveg niður, sem vit að var um, og kviknaði í öðrum. Þegar tók að líða á nóttina hafði slökkvilið misst tölu á ikvinnunum, sem vonlegt var. En eftir þá nótt reyndi yfirlögregluþjóinn inn, Guðmundur Guðmundsson, að slá tölu á þau hús, sem brunn í eru eða alveg grafin ösku hér í Eyjum og reyndust þau vera 62, auk þeirra húsa, sem standa að einhverju leyti upp úr. Í hve mörgum af þessum húsum hafði kviknað, er ekki hægt að segja, því um morguninn rauk víða upp úr öskubingjunum, þar sem grafin voru hús undir, hvort sem þau höfðu fyrst brunnið áður en þau urpuð ösku eða kviknaði í þeim síðar. Í gærkvöldi logaði a.m.k. í einu húsi í Eyjum.

Fréttamaður Mbl. brauzt í grjóthríðinni upp í barnaskóla, þar sem hjálparveitirnar hafa bækið. Þar buldu stórir hnullungar á húsinu og rúðunum. Reynir skólastjóri setti vakt á allar heðir, og slökkvitæki voru tekin fram, ef glóandi stein kæmi inn. Rúðurnar, — tvöfaldrar rúður, — sem settar voru í skólann í sumar, héldu lengi vel, svo fór ein og þá gáfu menn sér

tíma til að negla fyrir gluggana á austurhlöðinni. Annars höfðu björgunarsveitirnar, sem gengu í austustu húsin, þau sem í mestri hættu voru, nóg að gera við björgunarsveir. Flokkur brauzt út í veðrið með Gauja í Gísholti, þegar húsin voru farin að brenna báðum megin við hans hús og tókst að bjarga búslóð hans. Þeir bókkuðu vörubúnað einfaldlega inn um stóra stofugluggann hans. Sveit úr flugbjörgunarsveitinni, sem komin var á undan stóra hópnun, lenti líka í að fara í slíkan leiðangur í grjóthríðinni, lágu 4 þeirra í nær klukkutíma í skjóli undir húsveg, áður en hægt var að halda áfram. Það var mesta mildi að það kvöldi skyldu ekki verða stór slys. Öllum, sem fylgzt hafa með, kemur saman um að Slökkvilið Vestmannaeyja hafi staðið sig með afbrigðum vel við erfiðar aðstæður undir stjórn Kristins Péturssonar. Þorbjörn Sigurgeirsson, sem mikið fylgdist með þeim, dáðist mjög að þessum mönnum fyrir æðruleysi, sem þeir hafa sýnt, er þeir hafa gengið í slökkvistaríð án þess að láta á sér sjá, þó þarna væri um hús vana, ættingja eða þeirra

sjálfra að ræða. Nú hafði þeim borizt hösauki. Komir voru 11 slökkviliðsmenn úr Reykjavík undir forustu Gunnars Sigurðssonar og Sveinn Eiríksson, slökkviliðsstjórinn af Keflavíkur flugvelli, var kominn og stjórn að hjálparveitum Slysavarnafélagsins við að reyna að negla fyrir glugga á þeirri hlið húsa, sem sneri að gosinu, til að forða því að glóandi steinar færu þar inn og kveiktu í. Komir eru til Eyja 3 slökkvibílar af Bedford gerð, eins og þeir sem fluttir voru inn fyrir allt landið og sagði Gunnar Pétursson, fulltrúi Brunamálastjórnar, að þessir bílar, sem hafa drif á öllum hjólum og eru mjög lítlegir, hafi reynt einstaklega vel við þessar aðstæður. Hann hrósaði heimamönnum líka mjög mikið, sagði að þeir hefðu hvílt sig í fyrsta skipti meira en 2 tíma á sólarhring eftir að aukaliðið kom, síðan gosið hófst. Enginn varð fyrir meiðslum þessa nótt, þegar slökkviliðsmenn unnu alla nóttina að slökkvistörfum á brennandi húsum eða skrúfuðu fyrir kyndingar í húsum, þar sem öskufallið var að fylla skorsteina og hætta á ikvinnun.

Um kl. 11 snerist vindátt úr SA í SV og grjótregnið yfir bæ-

## Neglt er fyrir alla glugga gosmegin í húsum í Eyjum

frá Eyjum. Og höfðu margir gert það, þegar veðrið lægði. Mikið og harðsnúðið björgunarsveitirnar höfðu borizt til Eyja með skipunum Ægi, Heklu og Herjólfri og gengu í verkin. 55 menn frá Flugbjörgunarsveitinni og 20 úr hjálparveit skáta bættust lítið Reynis Guðsteinssonar og gengu í að tæma kerfisbundið húsin austast í bænum. 50 skátar fóru í störf með lögreglu og slökkvilið. 70 menn frá Slysavarnafélaginu voru við að negla fyrir glugga og veita alls konar hjálp. En í því líði voru menn frá Kyndli í Mosfellssveit, Stefni í Kópavogi, Fiskakletti í Hafnarfirði, Albert á Seltjarnarnesi og Ingólfi í Reykjavík og ætlaði Slysavarnafélagið að skipta og fá óþeytt líð er þetta færi. Þá komu 60 smíðir frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur undir forustu Jóns Snorra Þorleifssonar og gengu þeir í að negla fyrir alla glugga í húsunum í bænum. Þegar ar allt efni var búið á sunnudagskvöld, lögðu þeir sig í klukkutíma, þar til ný sending kom frá Reykjavík, og héldu þeir þá áfram. Geik þau verk mjög vel. En sjálfbúiðar frá Stakki í Keflavík stóðu í að stafa saltfiski til útskipunar alla nóttina. Að auki var eins og áður lögregluhlöð úr Reykjavík og er skipt um menn þar. Bjarki Eliasson var til halds og trausts lögreglu og Lögregluskólinn hafði komið strax undir forustu Sigurðar Þorsteinssonar. Sjálf sagt verður eitthvað útundan af hjálparliðum, en ógerlegt er að átta sig á þessu. En nú munar um hjálpin. Bara að allt þetta líð hefði komið 1–2 sólarhringum fyrr og gengið svona í björgunarstarfið. Fjöldi Vestmannaeyinga kemur líka núna með skipanum og reynir að pakka og bjarga eignum sínum, og koma þeim ýmist í skipin eða í bátana, sem eru stöðugt í ferðum að bjarga veiðarfærum og búslóðum.

Kl. 7 á sunnudagsmorgun kom Dettifoss til Eyja með 152 litla gáma og 6 stóra, sem mikið hafði verið beðið eftir. Og nú átti að láta austustu húsin, sem voru í mestri hættu ganga algerlega fyrir og sveitirnar undir stjórn Reynis skólastjóra hafa stjórn á því. Hafði verið tilkynnt að menn gengu fyrir um gáma í húsum austan Skólavegar. Aðrir voru beðin að bíða, þar til fleiri gámar kæmu og yrði losað hjá þeim svo fljótt sem hægt yrði. En manneðlið er samt við sig, stöku mammí tókst með brögðum að ná gámanum á aðra stað, svo að þegar bóid var að setja í um 120 gáma þar, höfðu hinir farið annað. Gott er að þekja ekki til hér og vita ekki hverjir það gerðu.

Aðrir tóku hlutunum öðruvísi og eru þeir sem betur fer fleiri. T.d. kom Asdís Sveinsdóttir, dóttir Framhald á bls. 21.

Meðan veðrið var sem verst, hafði lögreglan óskað eftir því að allir sem í bænum voru, söfnuðust um nóttina saman til gistlingar á 3 staði í bænum, ef þyrfti að bjarga fólki skyndilega



Reynir Guðsteinsson, kennari og tveir hjálparmenn hans skipu leggja björgu úr húsum í hættu. —



# HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM



Fólkið gekk um og leitaði að eigum sínum.

(Ljós. Sv. Þorm.).



Þær stóðu þolinmóðar við gáminn sem geymdi húsgögn þeirra og biðu eftir að fá flutningabil.

## Þar liggja „heimili“ meðfram veggjum

### Heimsókn í vöruskemmu Eimskipa í Sundahöfn þar sem búslóð er skipað á land


ÞAÐ VAR mikið um að vera inni við Sundahöfn í gær. Eimskipafélagið er að byggja þar tveir 6000 fermetra skemmur og 3000 fermetrar höfðu verið teknir í notkun undir búslóðir Vestmannaeyinga sem verið er að flytja til Reykjavíkur. Dettifoss var nýkominn að bryggju þegar við komum á staðinn og hann flutti með sér 182 farþega 152 gáma, á annað hundrad tonn af saltfiski, tíu bíla og ýmislegt lauslegt.

Vestmannaeyingar eru hvattir til að sækja búslóðir sínar jafnóðum og þær koma og það var því mikið að gera við að hlaða þeim á bíla og koma þeim í geymslu.

Það var dapurlagt um að litast inni í skemmuni. Gámanir voru þakfir vikri að

ofan, takandi dæmi um hvaðan þeir voru að koma. Vestmannaeyingar, tveir og þrjár saman, gengu á milli húsgagnahrúganna sem lögðu gólfinu meðfram veggjum og eitruðu þess sem fyrir neðan um dögum skreyttu heimil

þeirra. Þarna voru heil „heimili“ í hrúgum. Borð, stólar, sófar, skápar, allt var þetta mismunandi vel skipulögðum bendum og beið þess að eigendurnir kæmu og vitjuðu þess. Flestir munirnir voru merktir og



Sveinn, Ragna og Valdimar.

virðist skipulagið að því leyti hafa verið nokkuð gott.

Við hittum þrjá unga menn, Svein og Ragnar Sveinssyni og Valdimar Guðnason, þar sem þeir stóðu vörð við eina búslóðina.

— Við bjuggum við Urðarveg, segir Sveinn, og þar var ekki fallett um að litast þegar við fórum. Okkur tókst ágætlega að hjarga, miðað við aðstæður, en það voru ekki allir svo heppnir.

— Við vissum af einum manni á Bústaðabraut. Hann var búinn að pakka öllu sínu niður í kassa og búa það til brottflutnings. Svo fór hann niður í bæ og þegar hann kom aftur stóð húsið í björtu báli. Logandi hraunsletturarnar eru farnar að berast langt vestur í bæ og þegar hann stendur þannig og gosið er sem ákafast. Það er nú viðast búið að nepla fyrir gluggana og er enn unnið við það. Það er einkum er glóandi hnullungar koma inn um gluggana, sem kviknar í þeim húsum sem lengst eru frá gosstöðvunum.

Fullorðinn maður varð á vegi okkar og við röbbuðum við hann.

— Eg hef nú ekki komið í Eyjar síðan gosið hófst, en synir mínir tveir hafa farið þangað þrjár ferðir til að

Framhald á bls. 30

## Gróið sjósóknaraheimili leysist upp

Frá Elínu Pálmadóttur, Vestmannaeyjum.


KIRKJULAND heitir gamalt forskalað timburhús í Vestmannaeyjum með bogadregnu portu yfir tröppum. Þar hafa duglegir sjósóknarar búið mann fram af manni og þar var rötgróið heimili. Aðfaranótt laugardags rigndi yfir það glóandi gjallhrið sem önnur hús á staðnum. Tvisvar kviknaði í því er glóandi steinar komu inn og tvisvar var slökkt í því, það stóð því enn heilt, er fréttamaður Mb. kom á vettvang á sunnudagsmorgun.

Steingrímur Örn Bjarnason gamall harðduglegur sjósóknari

var þar enn, þótt mikið væri búið að Eytja úr húsinu. Hann er þarna fæddur og uppaínn, hefur búið þar í 60 ár, sagði hann. Af hans, Lárus Jónsson, var hreppstjóri og merkur sjósóknari. — Þeir smíðuðu allt sjálfir, bátana og siglingatækin og hjuggu vaðsteina og sökkur o.s.frv. Eg gæti sagt þér meira um það ef betur stæði á, sagði Steingrímur, hann hefur einmitt safnað og haldið til haga alls konar minjum um sjósókn fyrri tíðar og gömlum munum, sem nú eru fágætir. Nú stóð hann með í höndunum gamlar handsmíðaðar siglinganávar, færarhöldur af segskipi og svokallaða „jómfrú“

sem er blökk til að festa stögin á skútunum gömlu. Slíkir hlutir höfðu verið til í hrönnum á heimilinu, sem nú var að leysast upp. Vinur gamla mannsins, Páll Sigurðsson, sem kvéntur er frænku hans var að hjálpa honum að tina þetta til sem eftir var og ákvarða hvað ætti að renna að taka með. Og ekki fór til að standa og mæsa.

— Þarna voru þau öf, móðir mín í möttlinum sínum og öll hin, sagði gamli maðurinn og bent á auðan vegginn með óta' nög'um og myndförum, um leið og við gengum út og smelltum af honum mynd á tröppunum.



Steingrímur Örn Bjarnason á tröppunum á gamla Kirkjulandi.



# - Einróma samþykkt Alþingis



Jóhann Hafstein

**Framhald af bls. 1.**  
verður að láni til bráðabirgða samkvæmt framsögðu, skal vera í höndum nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði 23. janúar s.l. til að rannsaka, hverjar afleiðingar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarviss og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum. Samkvæmt skipunarbráfi sínu þar hefur nefnd að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Hér fer á eftir ræða sú, sem Jóhann Hafstein, formaður Sjálfstæðisflokksins flutti við umræðurnar:

Herra forseti.  
Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa samúð með Vestmannaeyingum sem orðið hafa fyrir hinum ægilega náttúruhamförum við eldgosíð í Heimaey, sem hefur svipt þá heimilum og öðrum eignum og slitið þá frá heimabyggð og aðarslóðum að sinni.

Ég vil einnig láta í ljós þakkæti og virðingu í garð þeirra, sem innt hafa af höndum frjáls framlög og veitt hafa aðstoð til bjargar á margan hátt og boðið fram aðstoð til þess að greiða sár, sem neyðarástand eldgosins hefur skapað.

Sjálfstæðisflokkurinn heitir á Íslendinga alla að mæta þeirri ógn, sem að höndum hefur borið í Vestmannaeyjum, með þegnskap og samhjálp. Ég hef áður lýst yfir og lýsi því enn yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn er reiðubúinn til samstarfis um ráðstafanir til aðstoðar Vestmannaeyingum í neyðarástandi þeirra.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstvirtum forsætisráðherra, að hann kvaddi okkur formenn stjórnarandstöðunnar til samráðs strax fyrsta dag þessa eldgos í Vestmannaeyjum og næsta dag þar á eftir einnig og að við vorum kvaddir á fund ríkisstjórnarinnar að morgni laugardags s.l. og þar voru lögð fram frumdrög að frumvarpi, sem þó var sagt að ríkisstjórnin stæði ekki ein að sjálf heldur væru tillögur, sem hefðu verið mótaðar í samráði við hana af embættismönnum og aðlazt til þess, að þingflokkar fjöluðu um þessar tillögur síðar um daginn eins og þeir munu hafa gert. Að loknum þeim fundi þingflokks Sjálfstæðisflokksins, þá átti ég til við forsætisráðherra og gerði honum efnislega grein fyrir því, sem við viljum á þessu stigi málsins segja, og til þess að það fari ekki neitt á milli mála þá vildi ég með leyfi hæstvirts forseta mega lesa hér upp sem þar var um bókað í þingflokki Sjálfstæðisflokksins:

Þingflokkur sjálfstæðismanna er einhuga um að veita bæri Vestmannaeyingum allan nauðsynlegan stuðning vegna eldgosins þar.

Varðandi „frumdrög að frumvarpi til laga um neyðarástafanir vegna eldgos í Heimaey“, sem formanni flokksins var afhent á fundi með ríkisstjórninni

í dag, vill þingflokkurinn taka fram eftirfarandi:

1. Það er skoðun þingflokks Sjálfstæðisflokksins, að tillögur um neyðarástafanir vegna eldgos í Heimaey eigi ekki að leggja fram í þinginu, fyrr en fullreynt er um samkomulag milli allra þingflokka.
2. Eðlilegast væri, að frumvarp um ráðstafanir verði flutt sem þingmannafrumvarp allra flokka.
3. Einskorða þar aðgerðirnar við aðstoð til Vestmannaeyinga og úrbætur í tengslum við náttúruhamfarirnar.
4. Ýmis ákveði frv. liggja utan við þann tilgang, og kunna þar fjárflokkarleiðir betur.
5. Leggja þar áherslu á hið sérstæða tjón og atriði nátengd því.
6. Meta þar framboðna erlenda aðstoð og kanna möguleika, bæði varðandi framlög og lán.
7. Jafnhliða ítarlegum tilraumum til samstöðu þingflokka þar að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja um aðgerðir.

Ef einhverjir hafa e.t.v. skilið orð hæstvirts forsætisráðherra áðan á þann veg, að það standi á stjórnarandstöðunni, að hæstvirk ríkisstjórn hefur ekki borið fram frumvarp það, sem hann sagði að hún hefði tilbúið, þá verð ég að leiðrétta það, í því er misskilningur. Það er rétt, að í þessum punktum, sem ég las hér, þá felast ýmsar athugasemdir, og hæstvirk forsætisráðherra sagði einmitt í viðræðum við mig á laugardaginn, að við mundum þá setja fram okkar tillögur eftir helgina. Við höfum verið að vinna að því og mundum hafa gert það, ekki hér í þinginu heldur í viðræðum á milli allra flokkanna. Við höfum lagt, — og ég hef gert það sjálfur á fundi með ríkisstjórninni — áherslu á það, að við reyndum fyrst og fremst í öndverðu að ná samstöðu, fullri samstöðu, í þinginu, áður en nokkrar tillögur yrðu lagðar fram. Ég tel nú, að ríkisstjórnin hafi með flutningi þessarar þingsályktunartillögu fallið á þau sjónarmið, að rétt væri að gefa viljayfirlýsingar við fyrsta tækifæri, en gefa sér síðan tólm til þess að freista þess að ná samstöðu um efnishlið þeirra úrræða, sem síðar verður sjálfstæðisflokkurinn eini í þinginu. Ég hefði hins vegar væntzt þess, að stjórnarandstöðunni hefði verið gert aðvart um flutning þessarar þingsályktunar tillögu og jafnvel leitað samráðs um meðflutning að henni, og það er í raun og veru í samræmi við þær viljayfirlýsingar okkar, sem fram hafa komið í því efni og það hefði verið útlátalaust að minna áliði og ekki skapað nein vandkvæði.

Við sjálfstæðismenn erum sammála þessari málsmeðferð og hún er í samræmi við þann vilja, sem við höfum áður lýst yfir að láta nú koma fram vilja Alþingis og undirbúa síðan frekari aðgerðir. Við erum sammála því að kjósa þessa nefnd, sem þingsályktunartillagan fjallar um og einnig þeirri fjárflokkun, sem þar er getið um. Við erum þess vegna efnislega sammála þessari tillögu, en þó vil ég með ast til þess að tillagan fái skoðun í neðri deild, sem ég hins vegar tel ekki þurfa að taka nema mjög stuttan tíma, því að það kynna að vera frekari heimildir en í henni felast, sem menn yðu sammála um að ríkisstjórnin fengi þegar í stað. En að sjálf sögðu er þetta ekki mátt til að teyja frangang málsins og ég tel ekki að þetta þurfi að teyja málið neitt og við erum reiðubúin til þess að afgreiða málið með öðrum nú þegar á þessum degi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál. Ég vil

mega vona það að ég hafi í þess um fáu orðum gert nægjanlega grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna. Við höfum verið að vinna að því að móta tillögur í málinu yfir helgina, en eins og ég sagði áðan þá er það allt mið að við að freista þess í samráði og viðræðum milli flokkanna að fella saman þær hugmyndir, sem fram koma hjá fleiri aðilum og ná að endingu samstöðu í málinu, áður en það kemur inn í þing og þannig, að um það þurfi ekki á þeim vettvangi neinn ágreiningur að vera. Þetta er okkar afstaða.

Ólafur Jóhannesson sagði, að ekki þyrfti að rífa upp ógnaraburði þá, sem gerðust aðfarar nótt hins 23. janúar, né heldur þau ósköp, sem síðan hafa gerzt. Hugur manna, ekki aðeins Vestmannaeyinga, heldur allra landsmanna, hefur snúist um þau ótíðindi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um, að náttúruhamfarir þessar hafa valdið stórfelldri rökun. Það væri skylda samfélagsins að standa strama af ráðstöfunum við að flytja fólk til lands og kostnaði við húsnæði og annars konar aðstoð. Enginn kostur væri enn að meta fjárhagsleg tjón, jafnvel þó að gosið rénaði fljótt. Orð og tölur væru hér magnvana. Þó má reyna að geta sér til um stærð þess vanda, sem jarðgosið leggur þjóðinni á hendur, og til þarf að kosta, svo að tryggt sé, að þjóðin leggi ill á sig byrðar, til að bæta Vestmannaeyingum eignatönu þeirra.

Vestmannaeyjar væru mikilvægasta verstöð landsins, og væri hlutdeild þeirra 12–13% af þjóðarþúskapnum. Búast hefði mátt við, að á árinu 1973 hefði útlutningsframléiðsla Vestmannaeyinga orðið 2000 milljóna króna víri. Jafnvel þó að gosið gengi nú fljótlega niður, er ekki hægt að búast við, að af rekstri fiskvinnsluhúsanna geti orðið á þessari vertíð, eða á þessu ári jafnvel. Því hýtur um verða um mikli tap að ræða, þótt flotinn sækir frá öðrum vettúðum. Óhætt er að ætla að útlutnings-tap verði ekki undir 1000 millj. króna.

Áætlað er að tekjur Vestmannaeyinga hefðu orðið 1700 milljónir, eða 3% þjóðarteknanna. Ósköpum hljóta að valda miklum tekjumissi, þó að Vestmannaeyingum megi fljótlega útvega atvinnu annars staðar.

Svo getur farið, að þegar á

þessu ári, þurfi að afla 2000 milljóna króna svo að þjóðfélagið geti rækt skyldur sínar við Vestmannaeyinga. Vegna þessa áfalls, sem þjóðarþúfið hefur orðið fyrir, verður að draga úr innflutningi og útgjöldum.

Ekki er hægt að gera sér grein fyrir því öllu nú, sem gera þarf, en augljóst er, að í fyrsta lagi þarf að greiða hinn margvislega kostnað vegna björgunarskrásemínnar og flutnings og vegna rökunar á stöðu manna. Í öðru lagi þarf að veita betur vegna tekjumissis og vegna ýmslegra útgjalda, sem á hafa hlaðið. Í þriðja lagi þarf bersýnilega að veita fjárhagsaðstoð til þess að leysa ýmis félagsleg vandamál, svo sem skólahald, og umönnun sjúkra og aldraðra. Í fjórða lagi má ætla að veita þurfi skýndilan til útgerðarmanna og annarra, sem atvinnustarísemi hafa með höndum. Þá er ekki ólíklegt að veita þurfi fjárhagsaðstoð vegna flutnings á fiski. Í fimmta lagi standa Vestmannaeyingar undir miklum skuldum, sem borga þarf af vexti og afborganir og verður að hlaupa þar undir bagga, svo að ráðstöfunarfé lána stjórnað þverri ekki. Og í sjötta lagi þarf að veita Vestmannaeyjakaupstað fjárhagsstuðning, því að ljóst er, að tekjufotnar hans munu engir verða, en hann þarf að taka á sig margvisleg útgjöld við að halda uppi björgunarskrá.

Strax og náttúruhamförnum linnir verður meginverkefnið að veita fé til uppbyggingar þeirra mannvirkja og eigna, sem orðið hafa fyrir skemmdum.

Ríkisstjórnin tók þetta mál fyrir strax að morgni hins 23. janúar og gerði þá þegar nokkrar skýndiráðstafanir. Var þegar sett á laggirnar nefnd til að rann saka hvaða afleiðingar þessi atburður myndi hafa á þjóðarþúskapnum.

Strax var ákveðið að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Hef ég átt fundi með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, og þær hafa settið minnsta kosti einn ríkisstjórnarfund.

Ríkisstjórnin gerði ráðstafanir til að láta semja lög vegna ástandans og lagði þau fyrir stjórnarandstöðina. — Varð ágreiningur um viss atriði, svo sem eðlilegt má telja. En það kom fram, hjá foringjum stjórnarandstöðunnar, að þeir töldu mikilvægt að ná samstöðu um þessi mál. Komu þær með vissar ábendingar í því sambandi.

## Guðlaugur Gíslason:

# Ég vil flytja þakkir til þjóðarinnar allrar



Guðlaugur Gíslason

Í UPPHAFI fundar í neðri deild Alþingis í garð kvaddi Guðlaugur Gíslason alþingismaður Sunnlendinga sér hljóðs utan dagskrár og sagði þá:

„Herra forseti.  
Ég vil við þetta tækifæri, sem mér gefst, flytja hér þakki fyrir auðsýnda samúð og vináttu-hug, sem Vestmannaeyingum hefur verið sýndur í sambandi við

þær náttúruhamfarir, sem yfir standa. Ég leyfi mér að flytja forseta Sp, forseta þessarar hv. deildar og alþm. öllum þennan þakklætisvott okkar Vestmannaeyinga, einnig forseta Íslands, biskupnum yfir Ísland, hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórninni allri og einnig og ekki síður hinum fjölmörgu einstaklingum, samtökum, félagsamtökum. Samtökum sveitarfélaga vil ég enn þ flytja þessar þakki okkar fyrir, eins og ég sagði, auðsýnda samúð og vináttu og alla þá margvislegu fyrirgreiðslu, sem allir þessir aðilar hafa látið í té. Ég get sagt þetta í einu orði: Ég vil flytja þessar þakki til þjóðarinnar allrar. Hvar sem á hefur þurft að halda, höfum við fengið hin sömu, einhægu svör, að allt væri til reiðu til þess að greiða úr hinum margvislegu vandamálum, sem að hafa stefjið að.

og eftir að hafa athugað þær, og þetta mál allt að nýju, varð niðurstaðan sú að flytja þá þingsályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, en hún er um neyðarástafanir vegna goss í Heimaey.

Er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að afla reiðufjár, til að gera ráðstafanir, sem nú eru nauðsynlegar. Því er farið fram á að Alþingi veiti heimild til lántöku að upphæð allt að 500 milljónir króna, og mun sú nefnd, sem skipuð var strax 23. janúar, sjá um útlutning þess fjár.

Stjórnin hefur alveg tilbúið frumvarp um þetta efni. Tel ég ekki víðeigandi að rekja frumvarp ríkisstjórnarinnar, þar sem þingmannanefnd er nú ætlað að semja nýtt frumvarp, en hún fær frumvarp ríkisstjórnarinnar í hendur, og kemur til með að meta, að hve miklu leyti hún vill byggja á því. Margvislegum upp lýsingum hefur verið sannað, og fær nefndin þær í hendur, svo og eru þær sérfræðingar, sem unnið hafa fyrir ríkisstjórnina í þessum málum reiðubúin til að aðstoða nefndina.

Ég vil ekki rekja frumvarp ríkisstjórnarinnar í einstökum atriðum, þó að fulltrúagengió sé. Hitt vil ég þó segja, að höfuðhugmyndin var, að mynda sérstakan sjóð, mjög myndarlegan, sem gæti haft yfir að ráða 2000 til 3000 millj. kr. Fjárflokkunin átti að byggjast á hugmyndum um, að hver og einn legði fram sinn skerf til sjóðsins. En þetta mun nefndin kanna betur, er hún fær gögnin í hendur.

Ég vil, vegna þess að sögusagnir hafa verið á gangi, taka það fram, að það er algjör misskilningur, að ríkisstjórnin hafi hafnað aðstoð annarra ríkja. Þvert á móti hefur verið tekið fram, að aðstoð verði þegin með þökkum. Eða engin vanskemd að taka við aðstoð við þessar aðstæður. Þó að frumskylda sé, að hjálpa sér sjálfur. Utanríkisráðherra hefur þegar hafið viðræður við erlenda fulltrúa um hvers konar aðstoð verður um að ræða. Vítæð er t. d., að í sumum löndum eru framleidd tilbúin hús, sem hægt er að setja upp á skömnum tíma. Það er verið að

Framhald á bls. 81



# Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.  
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.  
 Ritstjórn Matthías Johannessen,  
 Eyjólfur Konráð Jónsson,  
 Styrmir Gunnarsson.  
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.  
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.  
 Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.  
 Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10-100.  
 Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22-4-80.  
 Áskriftargjald 225,00 kr. á mánuði innanlands.  
 Í lausasölu 15,00 kr eintakið.

## SAMHJÁLPA OG ÞEGNSKAPUR

Í gær samþykkti Alþingi einróma þingsályktunartillögu um neyðarráðstafanir vegna jarðeldi í Vestmannaeyjum. Við umræður um það mál komst Jóhann Hafstein, formaður Sjálfstæðisflokksins, svo að orði:

„Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa samúð með Vestmannaeyjum, sem orðið hafa fyrir hinum ægilegu náttúruhamförum við eldgosið í Heimaey, sem hefur svipt þá heimilum og öðrum eignum og slitið þá frá heimabyggð og ættarslóðum að sinni. Ég vil einnig láta í ljós þakklæti og virðingu í garð þeirra, sem innt hafa af höndum frjáls framlög og veitt hafa aðstoð til bjargar á margan hátt og boðið fram aðstoð til þess að græða sár, sem neyðarástand eldgossins hefur skapað. Sjálfstæðis-

flokkurinn heitir á Íslendinga alla að mæta þeirri ógn, sem að höndum hefur borið í Vestmannaeyjum, með þegnskap og samhjálpa. Ég hef áður lýst yfir og lýsti því enn yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn er reiðubúinn til samstarfs um ráðstafanir til aðstoðar Vestmannaeyjum í neyðarástandi þeirra.“

Forsætisráðherra upplýsti á þingi, að ríkisstjórnin hefði haft tilbúið uppkast að frumvarpi um fjárflokkunarráðstafanir og hefði það verið sýnt stjórnarandstöðunni sl. laugardag. Af því tilefni gat Jóhann Hafstein um eftirfarandi bókun í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem gerð var þann sama dag:

„1. Það er skoðun þingflokks sjálfstæðismanna, að tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey

eigi ekki að leggja fram í þinginu, fyrr en fullreynt er um samkomulag milli allra þingflokka.

2. Eðlilegast væri, að frumvarp um ráðstafanir yrði flutt sem þingmannafrumvarp allra flokka.

3. Einskorða ber aðgerðirnar við aðstoð til Vestmannaeyinga og úrbætur í tengslum við náttúruhamfarirnar.

4. Ýmis ákvæði frv. liggja utan við þann tilgang, og kanna ber fjárflokkunarleidir betur.

5. Leggja ber áherzlu á hið

sérstæða tjón og atriði ná tengd því.

6. Meta ber framboðna erlenda aðstoð og kanna möguleika, bæði varðandi framlög og lán.

7. Jafnhliða ítarlegum tilraunum til samstöðu þingflokka ber að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja um aðgerðir.“

Ríkisstjórnin hefur nú horfið frá þeirri ákvörðun, að reyna að fá það frumvarp samþykkt, sem hún lét semja fyrir helgina, a.m.k. að sinni, og upplýst var í umræðunum, að nefnd sú, sem kjörin hefur verið til að semja tillögur til lausnar fái þessi frumvarpsdrög. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar mun vera sú, að innan ríkisstjórnarflokka sjálfra mætti það mikilli andstöðu að tengja saman neyðarráðstafanir vegna eld-

gossins og almennar efnahagsráðstafanir. Og munu a.m.k. þrjár af þingmönnum stjórnarflokka hafa snúit gegn því. Um þennan tillöguflutning sagði Jóhann Hafstein m.a. í ræðu sinni:

„Ég tel nú, að ríkisstjórnin hafi með flutningi þessarar þingsályktunartillögu fallizt á þau sjónarmið, að rétt væri að gefa viljayfirlýsingar við fyrsta tækifæri, en gefa sér síðan tómt til þess að freista þess að ná samstöðu um efnishlið þeirra úrræða, sem síðar verður sjálfsagt fjallað um í þinginu. Ég hefði hins vegar vænzt þess, að stjórnarandstöðunni hefði verið gert að varfamt um flutning þessarar þingsályktunar og jafnvel leitað samráðs um meðflutning að henni, og það er í raun og veru í samræmi við þær viljayfirlýsingar okkar, sem fram hafa komið í því efni, og það hefði verið útlátalaust að mínu áliti og ekki skapad að nein vandkvæði.“

Með samþykkt þessarar til-

lögu hefur málinu verið komið inn á eðlilegan farveg og vonandi er, að algjör samstaða náist um aðgerðir vegna neyðarástandsins. Ríkisstjórnin hefur nú þegar fengið heimild til bráðabirgðalántöku til að ráða fram úr brýnasta vandanum og heildartillögur munu vafalaust sjást von bráðar.

Í nefndarálti er þess getið, að rétt hafi verið um það, að ríkisstjórnin kanni nú þegar, hvort unnt sé að fá lán til langs tíma hjá sjóðum á vegum alþjóðastofnana.

Í umræðunum í gær báru ráðherrarnir á móti því, að hlífzt hefði verið við að þiggja alla þá hjálpa, sem varnarliðið gæti látið af höndum rakna. Þær yfirlýsingar eins og margar aðrar af stjórnarinnar hálfu tekur almenningur nú orðið með öllum fyrirvara. En hvað sem því líður ber að fagna samstöðunni, sem náðist í gær, hvort svo sem hún endist eða ekki.

## ÞAKKIR VESTMANNAEYINGA

Guðlaugur Gíslason kvaddi sér hljóðs utan dagskrár á Alþingi í gær og flutti fram þakkir Vestmannaeyinga til allra þeirra, sem vel hafa brugðizt við. Hann sagði:

„Ég vil flytja þessar þakkir til þjóðarinnar allrar. Hvar sem á hefur þurft að halda

höfum við fengið hin sömu einlægu svör, að allt væri til reiðu til þess að greiða úr hinum margvíslegustu vandamálum, sem að hafa steðjað.“

Nú riður á, að sá andi, hjálpasemi og fórnýfisi, sem ríkt hefur undanfarna örlagadaga, endist, sá „þegnskapur og samhjálpa“.

## Þáttur varnarliðsins í björgunarstörfum

ÞÁTTUR varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í björgunarstörfum í Vestmannaeyjum hefur verið mjög til umræðu meðal almennings og hafa stjórnvöld sætt gagnrýni fyrir að hafa ekki notið sér þá aðstoð sem yfirmenn varnarliðsins hafa boðið fram. Mbl. sneri sér til upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og það hana um skýrslu um þátt varnarliðsins.

Þar segir að þriðjudaginn

23. janúar hafi flugvélar varnarliðsins, tvær Dakotavélar, tvær stórar þyrllur af gerðinni Jolly Green Giant og ein Herkúlesflugvél flutt 67 manns til lands, aðallega sjúklinga og gamalmenni, sem ekki hafi verið hægt að flytja með öðru móti. Voru flugvélarinnar komnar á staðinn nokkrum klukkustundum eftir að gosið hófst.

Föstudag og laugardag 26.



Flugvél varnarliðsins við fjárflutninga frá Vestmannaeyjum

— 27. janúar fluttu Dakotavélar og þyrllurnar 399 kindur til lands.

Um helgina fór síðan Sveinn Eiríksson slökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli ásamt þremur manna sinna til Vestmannaeyja til að aðstoða við slökkvistörf og eldvarnir. Þá lagði varnarliðið til háþrýstidæubíl, sem getur dælt 2000 lítrum af vatni á minútu og auk þess sérstakt tæki til að

berjast við vatnsmengun, sem afkastar einnig 2000 lítrum á minútu.

Af öðrum tækjabúnaði má nefna að varnarliðið hefur lagt til gáma og stóra kassa, til að geyma búslóð í og auk þess nokkra asbestbúninga, sem þola allt að 600 gráðu hita.

Keflavíkurflugvelli gekkst prestur staðarins fyrir fatasöfnun og afhenti hann

Aðventistakirkjunni í Reykja vík um eina lest af fatnaði.

Nú eru á Keflavíkurflugvelli 5 flugvélar á neyðarvakt og margar áhafnir, sem eru til taks með minútu fyrir vara ef beðið er um aðstoð við björgunarstörf.

Þá hefur yfirmaður varnarliðsins boðið ríkisstjórninni afnot af öllum hugsanlegum tækjum og aðstöðu auk mannafla, eftir því sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt.







**Trésmiðir — Mótauppsláttur**

Trésmiðir eða trésmiðaflokkur óskast nú þegar í mótauppslátt í Vesturbænum. Steypt botnplata. Góð vinnuaðstaða og aðbúnaður.

Upplýsingar í sínum 34619 og 12370.

**KULDASKÓR**

NÝJAR GERÐIR



**SKÓSALAN**

LAUGAVEGI 1

ALLTAF FJOLGAR VOLKSWAGEN

**LUKKUBÍLLINN**

er í

**GAMLA BÍÓ**



... en hann fæst  
hjá okkur ...

Komið, skoðið og reynsluakið

**HEKLA HF.**

**Bakaraofn óskast**

Óskum eftir að kaupa 2ja — 6 plötu bakaraofn.

**MATSTOFA AUSTURBÆJAR,**  
sími 10312.

**Nýkomið**

Terylenebuxur í stærðunum 36—44, verð 1545.

Enskar flauelsbuxur í stærðunum 28—32, verð 1295.

Loðnar peysur hálf og heilerma.

Margir litir.

**SIF**

Laugavegi 44.

**Ljósmyndir af gosinu**

Fyrir orð erlendra blaða og tímarita, sem ég hef unnið fyrir undanfarin ár, hef ég tekið að mér að afla ljósmynda af náttúruhamförnum í Heimaey. Þeir, sem eiga myndir og hug hefðu á að koma þeim á framfæri, bæði svart-hvítum og litfilmum, ættu að senda þær eða koma með þær í ljósmyndastofu mína að Lágmúla 5 nú þegar.

**ICELANDIC PHOTO  
& PRESS SERVICE  
MATS WIBE LUND JR.**

**NÝKOMIÐ**

TEG. 501.  
LIT. SVART EÐA BRÚNT.  
VERÐ KR. 2.385,—



TEG. 182.  
LIT. SVART EÐA BRÚNT.  
VERÐ KR. 2.385,—



TEG. 524.  
LIT. BRÚNT EÐA SVART.  
VERÐ KR. 2.385,—



TEG. 2691.  
LIT. BRÚN/BEIGE.  
VERÐ KR. 2.850,—



TEG. 639.  
LIT. BRÚN/LJÓSBRÚNT EÐA  
BRÚN/GRÆNT/LJÓSBRÚNT.  
VERÐ KR. 3.198,—



TEG. 606.  
LIT. SVART EÐA BRÚNT.  
VERÐ KR. 3.198,—



TEG. 619.  
LIT. SVART LAKK.  
VERÐ KR. 2.530,—



TEG. 1203.  
LIT. HVÍTT.  
VERÐ KR. 850,—

**PÓSTSENDUM**

**Skóverzlun Þórðar Péturssonar**  
við Austurvöll — Sími 14181



# HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

## Auðvitað hjálpaði ég hinum

— segir Jón Nikulásson, sem fór hvergi

Næturarnar áður en hjálparveitirnar komu til Eyja og líðið var þunnskipað, sem gekk í björguastarfið í austurbænum, í kapphlaupi við öskufallið og glóandi grjóthriðina, veitti fréttamaður blaðsins athygli seigum samanteknum manni í hópi hinna yngri Vestmannaeyinga, sem gengu í hjálparstarfið. Þarna var Jón Nikulásson í Kirkjubæ.


Hans hús er eina húsið í Kirkjubæjarhverfinu, sem eldki er brunnið eða farið, sögðu piltarnir. Það er alveg merkilegt, þarna í miðri næstu byggðinni. En ekki var viðlit að komast að því. — Það slapp alltaf við eldinn, af einhverjum ástæðum, sagði Jón. En lofs fór það líka, aðfaranótt sunnudags. Hraunið ytti því fyrst til og svo grófst það. Þetta var steypt einmar hæðar hús, byggt 1949.

— Ég er búinn að búa hér síðan 1939, sagði Jón, þegar fréttamanni blaðsins tókst að króa hann af innan um dótíð, sem verið var að flytja í barnaskólanum. — Ég er allinn upp á Bolungarvík, en kona

min, Salgerður Arngrímsdóttir er héðan frá Kirkjubæ. Við byggðum okkur þetta hús sem kallað var Staðarber I. Sjálfur hefi ég aðallega verið sjómaður, en konan hafði nokkrar kindur og 2 kýr.

Við vorum bæði sofandi, þegar gosið byrjaði, sagði Jón. Það var hringt úr næsta húsi. Þá logaði öll rífan þarna skammt frá okkur með an frá vita og upp úr, svo langt sem við sáum. Við tók-

um þessu með ró, klæddum okkur, eins og maður væri að fara í vinnu. Konan fór svo með bátinum í land. Nei, ég fór aldrei. Það þurfti ýmislegt að gera, t.d. að losa út gripina í húsum hér á Kirkjubæ. Við vorum ekki búnir að því fyrr en kl. 3,



Kirkjubæirnir brunnu fyrstir.

því það var dímmt af nóttu og komin móða og öskufall. Nú svo þurfti að slátra gripunum og ég var að hjálpa til við það. Við höfum gengið í þetta Kirkjubæjarmann.

— Jú, það er rétt, maður hefur lítið sofíð síðan gosið hófst. Þó hefi ég lagt mig vestur í bæ. Ég hefi auðvitað gengið í þetta með öðrum. Við höfum svona hjálpað að nágrannarnir. Ég hefi ekkert látið skrásetja mig, bara hjálpað ýmsum ekki því sem til féll. Það var ekkert hægt að fara frá þessu. Nei, það rak mig enginn, eða skipti sér af mér um nóttina. Þeir voru eitt hvað að segja að allir ættu að fara í land, þegar við vorum að slátra skepnum, en ekki var hægt að hlaupta frá því.

— Allir þessir ungu og hraustu menn áttu aldrei að fara, bara fylgja lasburða fólki og korum niður í bátana. Konan mín fór bara ein og var fær um það.

— Hvað gerir þú núna, spurðum við Jón. — Ég veit það ekki, svaraði hann með sömu rósemi. Ég hefi unnið í gúanóinu hérna og ætli nokk ur vilji mann í vinnu. Konan mín hefði hvergi annars staðar viljað vera en hér. Og ekki ég heldur. En það verður að ráðast. Það koma dagar og koma ráð. — E. Pá

## — Gosið tekur

Framhald af bls. 12.

ir Sveins Guðmundssonar, sem býr í Fjölgústu 7, í það þess svæðis sem verið var að taka. Hún hafði pakkað með aðstoð fjögurra sjálfbæðilaða öllu dótí föður síns, þar á meðal hinu dýr mesta steinasafni hans, og það nú um að það yrði tekið, þegar að því kæmi — í réttari röð. Ekki væri hægt að vera með frekju, þegar svo margir væru að missa allt sitt undir öskuna.

Vel gekk að ferma gámana hér með því líði sem komið var,

en stóð á flutningum. Vörubílar til ráðstöfunar björgunarsveitun um voru þá of fáir. Sumir menn hafa lagt til sína bíla og sent lykila að þeim, en aðrir ekki. Þyrfti að taka alla slíka bíla eignarnámi meðan svo stendur á, en enginn virðist treysta sér til þess. Undir kvöld voru gámar búnir og þá haldið áfram að tæma húsin í austurbænum og flytja búslóðir á bílum í fiskvinnustöðvornar, þar sem er að verða aði ásetið.

Fraktflug hafði boðið fram að stöð og átti að koma flugvél frá þeim til að losa úr Barnaskólanum og rýma fyrir nýjum búslóðum. En ekki var flugveð-

ur á sunnudag eða fram eftir degi í gær.

Vísindamennirnir, sem hér hafa verið, þeir Sigurður Þórarinnsson, Þorbjörn Sigurgeirsson og Þorleifur Einarsson fóru með Dettifossi á sunnudagskvöld. Í stað þeirra komu Leó Kristjánsson, jarðfræðingur, Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur og Orkustofnunarinn, sem eru að athuga borholurnar. Sigurður sagði á sunnudagskvöld að samkvæmt athugunum hans og Þorbjarnar væri öskulagið jafnfallið frá 5 sm úti í höfninni og upp í 3-4 metra í austurbænum, og um 40 sm við lögreglustöðina í miðjum bænum, en

askan hefur víða hlaðist í skaffa. Var gosið heldur minna á sunnu dag, að hans sögn, en mikil aska í því.

Í bænum er nú ljótt um að lit ast. Öll þök eru þakin ösku og götur illfærar. Víða hafa hús sligast undan öskufallinu, sem verður þyngra nú, þegar vætan kemur í það. Það hefði verið fróðlegt fyrir arkitekta að vera hér og sjá hvernig og hvaða hús láta sig. Flötu þökin láta gjarnan undan þunganum, sem á þeim hvílur og sprengja veggina út. Þannig fór á laugardagskvöld gamla „Nýja bíó“ húsið í miðbænum, sem byggt var 1919 og nú var notað fyrir lager. En flest

eru þetta þó nýju húsin, sem svona fara, helst ef veggir eru hlaðnir.

Það er vissulega margt fróðlegt hér að læra, bæði um mannlegt eðli, mannvirkni og náttúruhamfarir, — enda atburður sem ekki á sinn líka.

Nú, á mánuðag, er suttarigning í Eyjum, askan fýkur af þök unum og brennisteinsfýlu lagði yfir bæinn í morgun. Eftir að létti og áttir breyttust sást til gossins. Það virðist hafa minnk að, en sendi frá sér kolsvartan öskuströk. Hann kom yfir bæinn snemma morguns, en lá eftir hádegis í aðra átt.

## — Hafnarhrip

Framhald af bls. 17.

x x x

Pólitiken rifjar upp Tyrkjaránið 1627. Það voru engar náttúruhamfarir, það var grimmt. Manndráp í auðg unarskyni. Þessir treir atburðir, Tyrkjaránið og gosið í Helgafelli, sýna vel muninn á mönnum og blindri náttúru.

Étt blaðanna segir að Íslendingar búi á sprengigíg. Aktúelt segir frá eldfjölum á Íslandi: Kötlu, Öskju, Surtsey, Grímsvötnum, Heklu — róm antik náfn, segir blaðið, en Íslendingum bitur veruleiki. Og blaðið rifjar upp hungurdauða fólks fyrr á öldum. Það bætir við að Helgafell hafi sýnt og sannað að ekki sé hægt að treysta á eldfjöll, hvað gömul sem þau eru, fögur, vinalæg eða „helg“. Og nú haf Helgafelli tekið að þægja endanlega niður í þeim sem hafa tal að um að þetta eldfjall eða hitt sé „dautt“. Ekkert eldfjall er dautt. Í náttúrunni finnst ekkert nema líf.

Margir hafa látið lífið vegna þess að þeir — og ekki síður vísindamenn — hafa misskilið eldfjöll: nú þurfum við að reyna að fara að skilja þau.

Í einu blaðanna er sagt að 400 virkir eldgígir séu á jörðinni, í öðru að 1/3 alls hrauns, sem runnið hefur á jörðinni sl. 500 ár, hafi brunnið á Íslandi.

Annars hef ég verið mest hissa á því plássi öllu sem dönsku blöðin hafa sett undir þessar náttúruham-

farir he'ma. Nú eru þær að visu að vikja fyrir Vietnam. En aðalatriðið er: að Danir gátu fylgt með viðburðarásinni helma mjög nákvæmlega og dönsku blöðin hafa yfirleitt notað efni elgin manna. Þess vegna eru frásagnir þeirra verðmætar. Samanborð við önnur blöð á Norðurlöndum, sem ég hef séð, hafa Danir sagt langmest frá gosinu. Svlar hafa sagt vel frá því, það sem ég hef lesið. Dagens Nyheter, Svenska Dagbladet og Sydsvenska Dagbladet sendu einnig menn heim og fleiri fréttamiðlar, t.d. í Noregi. En sænsku blöðin hafa verið miklu óhlutdrægari í frásögnum sínum, sem eru yfirleitt fréttagreinir framur en persónuleg reynsla. — Sumir Danir gengust um of upp í því að leika hlutverk primadonnunnar: „Þegar ég stóð á gígbarminum...“ „Þegar ég kom í draugabæinn...“ „Þegar ég sá þetta helviti Dantes...“ En á einhverju verða blessaðir mennirnir að lífa. Og einmitt vegna þess, hvernig þeir upplifðu þetta af eigin raun og lýsa því með persónulegum hætti, verður ekki hægt að ganga framhjá frásögnum þeirra í framtíðinni.

Gunmar Hoppe, próffessor, segir í Dagens Nyheter að undanfarið hafi eldgos færst mjög í vöxt á Íslandi. Það var í þessu sama blaði sem full yrt er að 400 eldfjöll séu virk á jörðinni. En hefur ekki einmitt Helgafell sýnt fram á að þau geta alveg eins verið 4000?

x x x

Já, „ég sá stein falla á hús...“

„Ég sá kvikna í húsi í Helmaey...“ Slíku gleyma menn ekki. En nú snýst hugurinn um efnahagslegt tjón og hvort unnt sé að koma í veg fyrir efnahagsshrúna á Íslandi. Ég brosti í kampinn, þegar ég las frásagnir Árna Johnsen frá Eyjum. Karlarnir eru byrjaðir að gera klárt. Árni þekki ir sitt heimafólk. Og ef einhver hefur sagt að hann hafi skrifað of mikið frá Eyjum undanfarið ár, þá er nú endanlega búið að afsanna það. En vonandi kemst fólkíð heim til sín. Og vonandi verða Eyjar áfram helzta undirstaða Íslenzkrar útflutningsverzlunar. Eitt sinn körpöðum við Árni um það, hvernig fyrirsögn ætti að vera á frétt um aflamagn í Eyjum og Grindavík. Árni heimaði að Vestmannaeyjum væru mesta aflstaðin, ég benti á að meiri afli hefði borizt á land í Grindavík. Hún væri því meiri útflutningshöfn. Við sætumst á að mest hefði veizt í Vestmannaeyjum, en mest flutt út frá Grindavík.

Svona eiga settjarðarvinir að vera. Föðurlandsástir eru Vestmannaeyingum í blöð borin. Engir eiga frekar en þeir að fá að búa áfram í friði í sínum fögru Eyjum.

En minnumst þess jafnframt að: „1013. Landskjálfti m'klir og létust 11 menn.“

1151. Eldur uppi í Trölladyngjum, húsið og manndauði.

1157. Eldsuppkoma í Heklu 19. janúar og landskjálfti sá, er manndauði varð af.

1164. Landskjálfti í Grímsnesi og

létust 19 menn.

1182. Landskjálfti og dóu 11 menn.

1211. Eldur kom upp úr sjó fyrir sunnan Reykjanes. Sörl Kolsson fann Eideyjar h'nar nýju, en hinar horfnar, er alla ævi höfðu staðið. Þá varð landskjálfti m'kill hinn næsta dag og létu margir menn líf sitt...“ segir í jarðeldasögu Þorvalds Thoroddens. Og svo mætti lengi telja. Hver kemst hjá því að vera skáld í svona landi? Jafnvel sumir dönsku blaðamennirnir breyttust úr blaðamönnum í skáld, þegar þeir stöðu andspænis eldnum í Helgafelli. Jafnvel þeir.

x x x

En vesalings blaðamaðurinn danski sem hringdi í Jón Helgason. Jón sagði honum frá kristniðökunni og eldgosinu þá og orðunum: hverju reiddust goðin... o.s. frv. Blaðamaðurinn var augsnýlega mjög þakklátur, en varð á að segja „Ísland“. Jón svaraði: „Segið ekki...“ Ísland“ í eitt skipti enn. Það heitir þá Ísland, þá á Ísland er ekki neitt líát.“ Blaðamaðurinn, hann er hjá Pólitiken, svarar Jóni með því að ljúka grein sinni svo: „Men et inndhold har det islandske arkipelag dog“ —: „en innhald hefur þetta íslenzka eyjahaf þó.“

Blaðamaðurinn á valalaust við: menningu, líf fólks, sögu þess og samtið. Og svo er Ísland kannski, þrátt fyrir allt, einmitt: stórt „líát“, fullt af eldi.

M



# „Eldgosið ekki einkamál Íslendinga“

Erlendir fréttamenn mjög gramir, þar sem þeir njóta engrar opinberrar fyrirgreiðslu

MIKIL gremja ríkir meðal þeirra erlendu fréttamanna, sem hingað eru komnir til að fylgjast með eldgosinu í Eyjum. Engin upplýsingamiðstöð er rekin af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir þessa menn og þeir njóta engrar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu. „Og svo er okkur sagt, að við megum ekki fara til Vestmannaeyja vegna þess að það

sé hættulegt,“ sagði einn erlendu fréttamanna, Wim Kroese, starfsmaður hollenska blaðsins Der Telegraf, í samtali við Mbl. í gær. „Þetta er tómvitleysa. Við höfum flestir hverjir fylgt með styrkjöldum; í Biafra, í Vietnam til dæmis, og náttúruharðrum, til dæmis í Perú og Tyrklandi. Við þekkjum hættuna og erum vanir að

taka áhættuna, ekki aðeins af því að okkur er borgað fyrir það, heldur og vegna þess að við trúum á það hlutverk okkar að fræða umheiminn um það, sem rannverulega er að gerast á hverjum stað hverju sinni.“

Wim Kroese nefndi sem dæmi náttúruhamfarinnar í Perú fyrir nokkru, þegar jarðskjálftar eyddu land-

svæði, sem er tvisvar sinnum stærra en Ísland. Þar höfðu stjórnmöld upplýsingamiðstöð fyrir erlenda fréttamenn, á hverjum degi var halldinn fundur með fréttamönnum og þeir fengu alla nauðsynlega aðstoð til að komast um hættusvæðin; leyfi og leiðsögumenn, ef með þurfti. „Svona er þetta alls staðar nema hér,“ sagði Kroese. „Hér er þetta ekkert á verkswið blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar og okkur er bent á að hafa samband við Mægnússon og Sæmundsson hjá flugfélögunum. Og vissulega reyna þeir að gera allt, sem þeir geta, en þeir eru ekki opinberir aðilar og geta engar ákvarðanir tekið sem slíkir.“

Og svo heldur forsætisráðherra blaðemannafund, en aðeins fyrir skandinavíska

blaðamenn og okkur hinum er sagt, að þetta sé bara mál, sem okkur komi ekkert við.“ „Þetta eldgos er engan veginn einkamál Íslendinga,“ hélt Wim Kroese áfram. „Þetta er alþjólegt sjónarspil þess, sem náttúran getur gert mannkyninu. Og við komum hingað með þá skyldu á herðum að segja umheiminum sem réttast og gleggst frá þessu.“

Það eitt, að við hvorki þekkjum hér til né skiljum íslenzku er nógu erfitt, þó að við þurfum ekki líka að berjast við hindranir stjórnmála og starfi okkar hér. Einhvern veginn fær maður á tilfinninguna, að við séum ekki velkomnir, þó svo að tækifærið sé notað til að hella yfir okkur alls kyns upplýsingum um iandhelgismálið, þegar við leitum fréttu af eldgosinu.“

## 17 milljónir kr. í Vestmannaeyjasöfnunina

75 þúsund kr. bárust frá 25 íbúum Fjallahrepps

HÁLF fimmtánda milljón króna hafði borizt til RKÍ í Vestmannaeyjasöfnunina í gær og um 2,5 millj. kr. til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Þá hafa ýmis sveitarfélög lagt fram fé til bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Meðal framlags í gær voru 75 þús. kr. frá 25 íbúum Fjallahrepps í N-Þingeyjarsýslu. Íbúar Austur-Landeyjahrepps, sem eru 185, lögðu fram 300 þús. kr. til Vestmannaeyjasöfnunarinnar og 200 þús. kr. til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, samtals 500 þús. kr., og frá 178 íbúum Vestur-Landeyjahrepps barst sama upphæð. Þá var RKÍ afhent í gær 2,4 millj. kr. gjöf frá Bandaríkja-  
stjórn.

Um kvöldmatarleytið í gær höfðu um 14,5 millj. kr. borizt til RKÍ og að sögn Eggerts Ásgeirssonar, frkvtstj. RKÍ, hafði þá um 11 millj. kr. verið varið til ýmissa innkaupa og fjárhags-

legra styrkja til Vestmannaeyja. Auk framlaga, sem að framan greinir, má nefna, að RKÍ bárust í gær 500 þús. kr. frá Kvenfélaginu Hvítbandinu, frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar bárust 150 þús. kr. og eftirtaldir aðilar gáfu 100 þús. kr. hver: Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, starfsfólk B. M. Vallá, Barnaverndarfélag Reykjavíkur og Kvenfélag Skagfirðinga félagsins.

Til Hjálparstofnunar kirkjunnar hafa m. a. borizt:

Úr Kolfreyjustaðarprestakalli	kr. 340.000
Frá kennurum og nemendum Menntaskólans á Laugarvatni	kr. 250.000
Úr Kirkjuhvolsprestakalli rúmlega	kr. 200.000
Frá Patreksfirði	kr. 216.000
Úr Öundurafirði	kr. 130.000
Frá Kvenfélaginu Seltjörn	kr. 100.000


Frá Bolungarvík	kr. 70.000
Úr Grundarfirði	kr. 60.000
Frá Bíldudal	kr. 55.000

Frá Kvenfélaginu Akranesi	kr. 50.000
Frá Kvenfélagi Reykdæla, Rekholtsdalshreppi	kr. 50.000

Þá höfðu í gær borizt eftirtaldir upphæðir, sem safnað var við guðsþjómsturi í Reykjavík á sunnudag:

Óháði söfnuðurinn	kr. 44.200
Langholtssöfnuður	kr. 36.000
Laugarnessókn	kr. 11.000
Árbæjarsókn	kr. 16.000
Háteigskirkja	kr. 14.000

Samband íslenzkra sveitarfélaga beindi þeim tilmælum til sveitarfélaganna, að jafnframt sem þau hefðu forgöngu um söfnun fjár í Vestmannaeyjasöfnunina, legðu þau sjálf og fram fé til bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Áður er sagt frá framlögum Landeyjahreppanna. Samtök sveitarfélaga í Suður-



Doyle V. Martin (t. h.), sem nú gegnir störfum sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi í fjarveru sendiherrans, afhendir Birni Tryggvasyni, forseta RKÍ, 2,4 millj. kr. gjöf Bandaríkja-  
stjórnar í gær. (Ljós. Mbl.: Sv. Þorm.).

landsumdæmi hafa farið þess á leit við sveitarjóðina, að þeir leggi fram a. m. k. 500 krónur á hvern íbúa.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur þegar ákveðið 300 þús. kr. framlag til bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

### Borgarafundurinn:

## Auglýsingin bönnuð í útvarpinu

— en dómsmálaráðherra þótti ekki stætt á banninu

„ÆTLI þetta hafi ekki verið gert vegna þess, að menn héldu, að við myndum vera of hreinskilnir,“ sagði Sigfús J. Johnsen, þegar Mbl. leitaði hjá honum staðfestingar á því, að auglýsingum um Vestmannaeyjafundinn í gærkvöldi var neitað hjá útvarpinu í gær. Málið var lagt fyrir dómsmálaráðherra, Ólaf Jóhannesson, og úrskurðaði hann, að auglýsingin skyldi birt, en „fundarboendur“ var breytt í „áhugamenn um

málefni Vestmannaeyinga“ undir auglýsingunni.

„Ég hefði snemma í morgun samband við einn þullinn hjá útvarpinu,“ sagði Sigfús, „og hann gat um fundinn hjá okkur í morgunútvarpinu, þar sem við ætluðum að auglýsa hann stíft allan daginn. Eg hringdi svo auglýsinguna inn, en þegar við heyrðum ekkert í hádegisútvarpinu, fórum við að kanna málið.“

Í ljós kom, að lögfræðingur Vestmannaeyjabæjar, Georg

Tryggvason, hafði bannað, að auglýsingin birtist, þar eð undirskriftin „fundarboendur“ gæti gefið í skyn, að bæjarstjórn Vestmannaeyja væri við fundinn ríðin. Meitti ekkert birta um Vestmannaeyjar án samráðs við Almanna-  
vararáð og forsvarsmenn Vestmannaeyinga í Hafnarbúðum. Við höfðum strax samband við forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja og síðan var málið lagt fyrir dómsmálaráðherra. Hann taldi ekki stætt að stöðva auglýsingunni, ef undirskriftinni yrði breytt og gerðum við það. Auglýsingin ætti því að fara að koma í útvarpinu.“ (Viðti þetta fór fram um kl. hálf sex í gær).

„Við teljum,“ hélt Sigfús áfram, „að tryggja beri íbúum Vestmannaeyja fjárhagslegan grundvöll til enduruppbyggingar heimila sinna og atvinnumöguleika í náinni fram tíð, en Vestmannaeyingar vilja, að greint verði á milli þess efnahagsvanda, sem fyrir var, og þess vanda, sem hamfarirnar í Eyjum skapa.“

Við teljum einnig, að þetta vandamál sé Íslendingum ofviða og leyfa ofan á allt annað og viljum því að öll framboðin aðstoð verði þegin með þökkum.“

### — Í Sundahöfn

Framhald af bls. 14

bjarga því sem bjargað verður. Sumt af því er komið hingað og vonandi náum við einhverju meiru. Við búum það austarlæga að það er vist vonlaust að húsið sleppi, þau þegar kominn á það mikill vikur í gær.

— Þessi kommóða er búin að vera lengi í fjölskyldunni, segir hann og leggur höndina á stóra og viðamikla kommóðu, útskorna. Hún var nú smíðuð í Eyjum og ádreif bjóst ég við að sjá hana á þessum húsgólfum í Reykjavík.

— Já, ég er búinn að finna bráðabirgðageymslustað fyrir þá húsmúsi sem bjargað verður. Það er nú úr tveim húsum svo það þarf töluvert pláss. En það er einstakt hvað okkur er tekið með mik illi vinsemd, það eru allir boðnir og bænir að aðstoða eins og hægt er.

— O —

Lyftarar koma með gámanna beint úr skipinu inn í vörugymslu. Stundum eru eigendur búslóðanna þar fyrir og þá er gámunum skuldað

upp á bil og ekið með þá á geymslustað. Þar eru þeir tæmdir og svo skilað aftur niður til Eimskips.

Aðrir þurfa að ganga um og leita eigna sinna: — Er þetta ekki okkar? Þarna er stóllinn hennar mómmu. Skrifborðið hans Gunnsa á að vera komið.

Fólkíð er alvarlegt en það er enga örvertingu að sjá í fasi þess. Það er næstum eins og það sé sjálfsagt og eðlilegt að sjá húsgögn sem eitt sinn voru í hlýlegri stofu, á köldu gólfu vörugymslunnar. Auðvitað er þetta erfitt, en fólkíð ber ekki tilfinningar sínar utan á sér, og það gengur að þessu eins og hverju öðru verki sem þarf að vinna.

Bilarnir voru stanzlaust í gangi og afgreiddum eins hratt og þeir mögulega gátu, en þarna kom mikilið inn og þeir gátu ekki alltaf annað öllu jafnóðum. En það varð engin uppsteit út af því. Fólk stóð þolinmótt við það sem þó átti eftir af jarðneskum eignum sínum og beið þess að ríðin kæmi að því. Eins og gamli maðurinn sagði:

— Til hvers er nú að flýta sér. — Ó.



# Ekkert lát á togaradeilunni

**FJÓRIE** togarar hafa nú stöðvæzt vegna togaraverkfallansins, þar á meðal nýi togarinn Bjarni Benediktsson, sem enn hefur ekki komið á veður. Síðasti sáttfundur, sem stóð frá því klukkan 14 á föstudag til 02.30 aðfararnótt laugardags lauk án árangurs, en þá hafði sáttaseinjaríki ríkisins lagt fram ákveðin drög að sáttatillögu, sem ekki

hlaut hljómgrunn deiluaðila. Samkvæmt upplýsingum Jóns Sigurðssonar, formanns Sjómannasambandsins þá gerir hann ekki ráð fyrir því að samkomulag verði í bráð, en hins vegar sagðist hann reikna með því að verkfallið yrði leyst á einhvern hátt bráðlega, t.d. með gerðardómi eða lögum. Jón sagði að Sjómannasambandið hefði ekki orðið við tillæmum ríkisstjórnarinnar um að aflýsa verkfallinu vegna þess ástands, sem skapaðist við gosið í Eyjum og sagðist hann ekki búast við að við þeim yrði orðið. Enn hefði Bjarni Benediktsson ekki komið á sjó. Í reyntsluálgingu hefði skipið ekki fengið nógu mikinn veiting, en nauðsynlegt væri að reyna það í slíkum kringumstæðum. Sagðist hann ekki vita, hvort Sjómannafélag Reykjavíkur veitti undanþágu fyrir því að togarinn færi í slíka siglingu — eingöngu til að reyna vélar skipisins.

## — Eindróma samþykkt

**Framhald af bls. 15**  
athuga, hvort þau lönd, sem boðið hafa aðstoð, geti lagt fram slíkt hús til að bæta úr húsnæðis- í öðru lagi hafa verið uppi gróu í öðru lagi hafa verið uppi gróu-sögur um að hafnað hafi verið aðstoð varnarlöndisins. Þvert á móti leituðu Almannaávarnir samkvæmt beinum fyriræmum mínum, til varnarlöndisins um það, hvornig það gæti best veitt hjálpu og það hefur lagt fram sinn skerf. Það hefur hvorki neitað um hjálpu, né hjálpu þess verið hafnað. Um þetta geta margir menn vitnað.

Að lokum sagði forsætisráðherra m. a., að hann teldi að ríkisstjórnin hefði haldið þannig á málu, að hún yrði ekki sökuð um aðgerðaleyfi. Þessi ályktun væri lög fram á öðrum starfdegi þingsins eftir jólaeyfi. Hann sagði knýjandi að hraða því, að nefndin tæki til starfa. Og einnig væri knýjandi nauðsyn fyrir ríkisstjórnina að fá þessa heimild til fjárfelunar, svo að hegt væri að snúast myndarlega gegn vandanum.

## — Eldfjall

**Framhald af bls. 2**  
menn borðuðu í mótuneytinu í gær. Sögðust þessir 4 kókkar hafa boðið Almannaávarnirum hjálpu sína fyrir 5 dögum, og voru þeir tilbúnir þá þegar ákvarðaða til Eyja. Þá kvörtuðu þeir yfir því, að þeir hefðu ekki í gærkvöld fengið nauðsynjar sem þeir hefðu boðið örgugglega um kl. 3 um daginn.

Viðbótin við Heimaey var í gær orðin í ferlám, en nýja hraunið nær um 1,2 km austur og á um 800 metra breiðum kafla. Heimaey var áður um 21 ferkm að stærð.

Slökkvilið Vestmannaeyinga fékk um helgina aðstoðarlíð frá Reykjavík og Svein Egilsson slökkviliðsstjóri á Keflavíkflugvelli er einnig kominn á vettvang. Stjórnar hann mjög rögg-samlega og skipulega.

Þá komu um 100 björgunarsveitarmenn frá Reykjavík og Keflavík og unnu þeir hér í einni sólarhring stanzlaust um helgina við björgunarsíðir.

Annars er hvað mestur þægir bragur á Vestmannaeyjakaupstaði í dag síðan gosð hófst. — Græðifært um götur og flest fólk í bænum. Það er eins og bærimn sé að vakna af dvala.

## — Skipskaðar

**Framhald af bls. 2**  
gaf skipshöfnin Jón Kjartansson í gumbáti.

Slysavarnafélagið fygdist með ferðum skipanna og klukkan 16.20 voru þau komin það langt að 5 sjómílur voru í Skróð og hafði hallinn þá aukist talsvert — að því er Hannes Hafstein, fulltrúi hjá SVFI skýrði Mbl. frá í gær. Um klukkan 17 áttu skipin eftir 5 sjómílur í Seley og klukkan 18.45 var 12 sjómílna sigling eftir í Vattanes, en það er víð fjárdagmýnið á Reyðarfirði. En ávalt segja á ógæfuhliðina fyrir skipið. Þinginn hafði verið batur frá Eskifirði til þess að fara á móti skipunum með deilubúnað, en ekki

haldast þannig til 31. október. Þá var samkvæmt frumvarpi þessu bannað að hækka ýmsa taxa, svo sem upp-mælinga- og ákveðisvinnu-taxta, sem og kauptryggingu sjómanna og hluta-skipti.

## — Mordíð

**Framhald af bls. 32**  
þegar á lögregluna og sagði þá hvað gerzt hefði. Kom Guðni síðan sjálfur í símann og sagði hafa skotið mann til bana. Lögreglan kom strax á staðin og handtók hann og hafði í gæzlu, þar til hann var fluttur flugleiðis til Reykjavíkur síðdegis sama dag. — Einar systu-maður, fer í dag austur til Horna fjárdar til að halda áfram rannsókn málsins.

Stefán Egilsson var einhleypur. Hann hafði starfað á bifreiðavöðgerðum. Guðni Óskars-son er 41 árs fjölskyldumaður, bifreiðastjóri að atvinnu.

## — Kaupbinding

**Framhald af bls. 32.**  
lögagjald á launaskattstofn frá 1. marz til 31. október.

- ★ Leggja skyldi 2% viðlaga-gjald á söluskattstofn.
- ★ Leggja skyldi 0,5% viðlaga-gjald á gjaldstofn Búnaðar-málasjóðs.
- ★ Fiskkaupendur hér á landi og útgerðarmenn fiskiskipa, sem selja afía erlendis, skyldu skila 5½% af skipta-verðmæti aflla til stofnfjár-sjóðs fiskiskipa, en helmingur þessa gjalds skyldi renna til Viðlagasjóðs.
- ★ Leggja skyldi 30% viðlaga-gjald á álagðan eignaskatt.
- ★ Lækka skyldi útgjöld ríkis-sjóðs um 500 milljónir króna og leggja það fé í Viðlaga-sjóð Vestmannaeyja.
- ★ Sú launahækkun, sem samkvæmt kjarasamningum átti að koma til útborgunar 1. marz, skyldi frestast til 1. nóvember.
- ★ Laun, sem kynnu að hafa hækkað til samræmis við þessa launahækkun síðustu 3-4 mánuði áður, skyldu lækka sem því svaraði, og

tókst að koma honum við. Klukk-án 19.45 voru allir skipbrots-menn komnir um borð í Dag-fara og klukkan 20.30 sókk Jón Kjartansson SU 111, en skipið hafði um árabill verið með mestu affaskipum flotans, 500 rúmlestir á að stærð. Töluverð löngu var í lestum skipisins og er jafnvel talið að skilrúm í lest hafi gefið sig.

Vélskipið Reykjanes GK 50 strandaði svo um klukkan 06.20 í gærmorgun á Hvalbakk. Tvö skip, sem næst voru, voru Dag-fari ÞH 70 og Höfrungur III, AK. Þegar þau komu á strand-stað var mikill sjór kominn í skipið og að sögn Evars Auð-björnssonar, fréttaritara Mbl. á Eskifirði, lagðist það á hliðina við strandið. Fór þá nót skipis-ins í sjóinn og skipverjar yfir-

# Æ, hvað heitir hann nú aftur, forsætisráðherra ykkar ...?

— sagði Ólafur Jóhannesson, við dönsku blaðamennina

**EYVIND** Olsen, blaðamaður frá Berlingske Tidende í Kaupmannahöfn, er einn af mörgum norrænum blaðamönnum, sem hingað komu til að kynnaft af eigin raun atburðunum í Vestmannaeyjum. Hefur hann geri mállinu ýtarleg skil og fjallað um hinar ýmsu hliðar þess. Í frásögn Olsens í sunnudagsblaði Berlingske Tidende kemur það fram, að hann hefur ásamt fleiri blaðamönnum rætt við Ólaf

Jóhannesson, forsætisráðherra, og í því viðtali komið í ljós, að forsætisráðherra hefur verið svo önnum kafinn að undanförunu, að hann hefur ekki haft tíma til að leggja sér á mími nafn nú verandi forsætisráðherra Danmerkur, Ankers Jørgensens. Olsen fjallar meðal annars um óvissuna, sem ríkt hafi á mörgum sviðum Vestmannaeyjamálsins og segir á einum stað:

„Gas- og reykgrímurnar,

sem úthlutað var, nægðu alls ekki og Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, í litla, skritna landlæknisbústaðnum í höfuðborginni, þar sem forsætisráðuneytið er til húsa, vissi ekkert hvert halda skyldi, þegar hann kallaði okkur saman til fundar og varð að bjóða önaðarmann einn til þess að hann gæti fengið hljóð. Hann hafði haft svo mikið að gera, að hann varð jafnvel að spyrja dönsku blaðamennina, hvað forsætisráðherra okkar hétu nú eiginlega, nú þegar Krag væri hættur.“

haldast þannig til 31. október.

★ Þá var samkvæmt frumvarpi þessu bannað að hækka ýmsa taxa, svo sem upp-mælinga- og ákveðisvinnu-taxta, sem og kauptryggingu sjómanna og hluta-skipti.

★ Verkföll voru skv. frumvarpinu bönnuð frá 1. marz til 31. október.

★ Visitalan á laun mátti ekki hækka nema um ákveðinn stífgafjölda hvað sem líði verðlagshækkun.

Þetta eru helztu þættir frumvarps þess, sem ríkisstjórnin ætlaði að leggja fram. Þessar tillögur munu verða lagðar fyrir þá þinggjörnu nefnd, sem samkvæmt þingsályktun Alþingis á að gera tillögur um neyðarráð-stafanir vegna eiddgossins í Vestmannaeyjum.

## — Löndunar-bann

**Framhald af bls. 1**  
Breitlands og Vestur-Þýzka-lands hins vegar. Sagði Sir Alec Douglas-Home utanríkisráðherra, að ríkisstjórnin vildi ekki grípa til slíkra aðgerða og að eftir sem áður heldi hún áfram að koma á fríðsamlegum viðbrögðum við Ísland. Brezki utanríkisráðherra kom hins vegar fram með aðvörnum varðandi þá áreksra, sem orðið hafa milli íslenskra varðskipa og brezka togara og sagði: — Við höfum gert allt, sem unnt er til þess að komast hjá því, en sá tími kann samt sem áður að koma, að veita verði fiskiskipunum flota-vernd.

## — Borgara-fundur

**Framhald af bls. 32**  
hægt yrði að koma „bænum í starfsemi aftur“ fljótlega eftir að gos hætti, ef það ekki breyttist til hins verra. Sigfús J. Johnsen mælti síðan

fyrir ályktun fundarins, sem birt ist hér á eftir, og Gísli Gíslason og Sigurgeir Kristjánsson skýrðu frá bréfi bæjarstjórnar Vestmannaeyja til forsætisráðherra, en frá því bréfi er sagt annars staðar í blaðinu í dag.

Ályktun fundarins er svo hljóðandi:

„Almennur borgarafundur Vestmannaeyinga og velunnara þeirra, haldinn í Austurbæjarbíól, mánudaginn 29. jan. 1973, vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, gerir einróma eftirfarandi ályktun:

Fundurinn þakkar sérstaklega þau skjótu viðbrögð almennings og sveitarfélaga í landinu, svo og viðbrögð þeirra fjölmörgu er lagt hafa líð við björgun manns lifa og verðmæta í náttúruham-förundum á Heimaey. Þá þakkar fundurinn og sérstaklega hinum mörgu erlendu þjóðum, sem boð-ð hafa aðstoð til lausnar hinum miklu fjárhagslegu erfiðleikum, er nú steðja að íbúum Vestmannaeyja, og þar með þjóðinni í heild.

Fundurinn harmar þá miklu óvissu, sem ríkir meðal íbúa Vestmannaeyja um niverandi fjárhagslega aðstöðu þeirra, og telur skjótra viðbragða þörf af hálfu stjórnvalda. Þá telur fundurinn að brýna nauðsyn beri til að hefja nú þegar enduruppbyggingarstarf og tilrauna til fyrirbyggjandi ráðstafana til þess að firra frekara tjóni en þegar er orðið.

Þar sem fundurinn telur, að ís-lendingum sjálfum sé óvfiða að greiða úr þeim efnahagsvanda, er við blasir og að steðjar vegna þeirra náttúruhamfara er yfir

## — Vietnam

**Framhald af bls. 1**

— Aðgerðir okkar verður að túlka sem viðbrögð við hernað-annarstærmi kommúnista í Laos, sagði talsmaðurinn, sem ekki vildi svara spurningu um það, hvort verið væri að gera loft-árásir á staði, þar sem skærulíðar hefðu safnað saman líði sinu.

Fjórir bandarískir tundurdufla slæðarar héldu í dag frá flota-stöðvum sínum á Filippseyjum til þess að slást í hóp með þeim tundurduflaslæðurum, sem þegar eru komnir til Tonkinflóa og eiga að fjarlægja eða eyðileggja þau tundurdufl, sem Bandaríkjamaenn höfðu komið fyrir við hafnir og skipaskurðir í Norður-Vietnam.

## ÞETTÁN HUNDUR BANDARÍSKIR STRÍÐS-FANGAR TÝNDIR

Yfir 1800 bandarískir fjöl-skyldur bíða enn eftir upplýs-ingum um syni, feður og eigin-menn, sem saknað er í Indókína og félagasamtök þau, sem komið hafa verið á fót til þess að greiða götu þessara manna, hafa opinískt gagnrýnt Norður-Vietnama fyrir að hafa ekki efnit loforð sín um að skýra frá

Vestmannaeyjar dynja, fer fundurinn fram á, að ríkisstjórnin óski eftir þeirri fjárhagslegri aðstöðu vinveittara erlendra þjóða og þeirra þjóða og stofnana, er um slíkt mál fjalla og aðstoð geta veitt.

Tryggja ber íbúum Vestmannaeyja fjárhagslegan grundvöll til enduruppbyggingar íbúða sinna og atvinnuöguleika í náinni framtíð.

Leggja ber megináherzlu á, að greina algjörlega í milli þess efnahagsvanda, sem fyrir steðjaði að þjóðarbúskapnum áður en hörmungarnar dundu yfir Vestmannaeyjar, og þess vanda, sem með þeim skapaðist og að steðjar.

Síðan tóku til máls Sverrir Rúnólfsson og Sigurgeir Kristjánsson og að ályktuninni samþykktir sungu fundarnenn „Yndislega eyjan mín“. Í fundarlok las Albert Guðmundsson, fundarstjóri, svo kvæðu frá blm. Mbl. í Eyjum, slökkviliði þar og hjálpuarkhöf og var þá niðurlag þeirrar greinar Árna Johnsen, sem birtist í blaðinu í dag.

## — Hrautgund

**Framhald af bls. 32.**

tök sín á u.þ.b. 30-50 km dýpi. Blágrýttishraun myndast á talsvert minna dýpi.

„Hvernig lízt þér á óskumagnið í bænum?“

„Ég hef orðið var við nokkurn uppjafarstöð vegna óskunnar í bænum, en ég held að það sé einnig vandi að hreinsa bæinn og losna við óskuna og vikurinn. 800-1000 manna líð, vei búit tækj um verður ekki lengi að því.“

öllum stríðsföngum í Norður- og Suður-Vietnam og Laos.

Talsmenn bandaríska varnarmálaráðuneytisins hafa einnig sagt, að listinn, sem Norður-Vietnamar hafa afhent yfir bandaríska stríðsfanga á valdi þeirra, sé ófullkominn, en að vonir standi til, að nánari upplýsingar fáiast í þessu efni næstu daga. Nú um helgina var 555 bandarískum fjölskyldum tilkynnt, að settingar þeirra yrðu látnir lausir. Fimmstu og fimmtíu fjölskyldum öðrum var tjáð, að settingar þeirra hefðu ymist fallið í bardaga eða dáði í fanga-böðum. En 1315 fjölskyldur í Bandaríkjunum til viðbótar búa enn í óvissu um, hvað orðið hefur um settinga þeirra, sem saknað er í Vietnam.

Af þeim 555 bandarísku stríðsföngum, sem Norður-Vietnamar hafa skýrt frá, að þeir hafi á valdi sín, verða 100-150 stéttir af bandarískum flugvélum, sem koma eiga til Hanoi fyrstu vikuna í febrúar. Alla þessa menn á hins vegar að vera búð að flytja frá Vietnam fyrir marzlok og bandarísk stjórnvöld ætla að kosta miklu til þess að fá vitnenskjuna um, hvornig dauðsföll í fanga-böðum hafi átt sér stað og hvað kunnari að hafa komið fyrir þá, sem hreinlega er saknað.



**Borgarafundur:**

## Ríkisstjórnin óski eftir beinni fjárhagsaðstoð vinveittra þjóða


Stjórnvöld eyði óvissu Vestmannaeyinga um fjárhagslega aðstöðu þeirra. Öflugt enduruppbyggingarstarf hefst þegar

Á FIMMTA hundrað manns sóttu borgarafund um málefni Vestmannaeyja, sem haldinn var í Austurbæjarbíói í gærkvöldi. Fundarmenn virtust á einu máli um, að „við skyldum standa saman og aldrei gefast upp“, eins og fundarstjórnin Albert Guðmunds son borgarfulltrúi orðaði það, og, að þeim vanda, sem á höndum er vegna hamfaranna í Eyjum verði haldin algjörlega aðskildum frá öðrum efnahagslegum vanda í þjóðfélaginu. Meðal fundargesta voru Jóhann Hafstein, formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir Hallgrímsson, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, alþingismennirnir Ingólfur Jónsson, Steinhófr Gestsson og Guðlaugur Gíslason og Sigurgeir Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Sigfús J. Johnsen setti fundinn og skipaði fundarstjóra Albert Guðmundsson og fundarritara Simon Kristjánsson, útgerðarmann Vestmannaeyjunnar.

Professor Þorbjörn Sigurgeirsson rakti gang gossins í Vestmannaeyjum og kom það fram í máli hans, að ef gosið breytti sér ekki þeim mun meir, mætti með góðum árangri vinna að því að verja byggðina, eins og nú er, að verulegu leyti. Sagði Þorbjörn að þar kæmi til að byrgja glugga og moka ösku af þökum eftir hverja hrinu og síðan vaka vel yfir bænum til varnar glóandi steinum. Sagðist Þorbjörn telja vesturbæinn tilförlulega öruggt hverfi að öllu óþreyttu í hvaða veðri sem væri og fljótgeri væri að hreinsa gótur næst höfninni, þannig að

Framhald á bls. 31



**Höfn í Hornafirði:**

## 33 ára maður skotinn til bana

41 árs drykkjufélagi hans skaut hann með haglabyssu, eftir að þeim hafði sinnast


33 ÁRA gamall maður, Stefán Egilsson, til heimilis að Volseli í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, var skotinn til bana á Höfn í Hornafirði um kl. 07 á sunnudagsmorguninn. Gerðist þetta í húsinu nr. 23 við Miðtún, á heimili þess manns, er verknadinn frami, Guðna Oskarssonar. Höfðu mennirnir setið þar að drykkju alla nóttina, en sinnast um morguninn, með þessum afleiðingum. Guðni var síðdegis á sunnudag fluttur í flugvél frá Hornafirði til Reykjavíkur og situr hann nú í gæzluvarðhaldi í Hegningarhúsinu í Reykjavík. Hefur hann verið úrskurðaður í allt að 90 daga gæzluvarðhald á meðan rannsókn málsins fer fram, og gert að sæta geðrannsókn. Var hann yfirheyrður í fyrradag og í gær og hefur játað á sig verknadinn. Segist hann hafa verið mikið drukinn, er þetta gerðist. — Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum, Einar Oddsson, stjórnar rannsókn málsins.

Mennirnir tveir þekktust vel og höfðu setið að drykkju alla aðfararnótt sunnudags á heimili

Guðna. Er á leið urðu þeir ósattir, svo að til átaka kom á milli þeirra, og segist Guðni hafa hent

gesti sínum út. Að því bánu tók hann haglabyssu nr. 12, sem hann átti, hlóð hana og skaut tveimur skotum úr henni, að því er hann sjálfur segir. Virðist annað skotið hafa hæft Stefán í b-jóstið, svo að hann hlaut bana af. Er talið að hann hafi látist samstundis.

Kona skotmannsins hringdi Framhald á bls. 31



Stefán Egilsson, sem skotinn var til bana.

**SJALDGÆF  
HRAUN-  
TEGUND  
BENDIR TIL  
STYTTRA  
GOSS**

Frá Arna Johnsen.

ÞÚÐ er að efnagreina bergtegundina í nýju eldkeilunni á Heimaey og hefur nú komið í ljós, að um mjög sjaldgæfa bergtegund er að ræða. Við ræddum við Svein Jakobsson, jarðfræðing í gærkvöldi, og sagði hann, að bergtegundin væri svokölluð Hawaiiit-bergtegund. Þessi bergtegund hefur aðeins fundist á tveimur stöðum á Íslandi áður. Er það í Dal fjalli hér á Heimaey og einnig á Snæfellsnesi.

„Segir slík bergtegund eitt hvað um hegðan gossins?“

„Ef maður miðar við mynd um venjulegra hraungosa má fullyrða, að magn Hawaiiit-gosa er minna en þeirra, sem myndast við blágrýts-gos eins og venjulegast eru hér. Talsverð vikur og óskumyndun getur fylgt þessum gosum, en þau eiga upp-

Framhald á bls. 31

**Frumvarpið, sem ríkisstjórnin lét semja:**

## Kaupbinding, skattar, vísitölskerðing og verkfallsbann

UM helgina voru mikil fundahöld hjá ríkisstjórn og þingflokkinum og var til umræðu tillaga að frumvarpi um ráðstafanir vegna eldgoss í Vestmannaeyjum, sem sérfræðingar ríkisstjórnarinnar höfðu gert í samráði við hana. Eftir að frumvarp þetta hafði verið rætt í þingflok-

um stjórnar og stjórnarandstöðu varð ljóst, að naumast mundi þingmeirihluti fyrir því.

Þingflokkar stjórnarandstöðuflokkanna töldu, að með því væri blandað saman ráðstöfunum vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum og almennum efnahagsráðstöfunum og 3-4 þingmenn stjórnarflokkanna andmæltu til-

gögunum og voru sjónarmið þeirra sviðuð afstöðu stjórnarandstöðunnar. Voru það Björn Jónsson og Karvel Pálmason í SFV og Eðvarð Sigurðsson og Geir Gunnarsson gagnrýndu frumvarpið í þingflokki Alþýðubandalagsins. Niðurstaðan varð sú, að ríkisstjórnin ákvað að leggja frumvarpið ekki fram. Í þess stað lagði forsætisráðherra fram þingsályktunartillögu, sem

samstaða tókst um á Alþingi í gær.

Helztu atriði frumvarps þess, sem ríkisstjórnin hugðist flytja á Alþingi í þessari viku, en þingmeirihluti reyndist ekki vera fyrir, eru þessi:

★ Stofna skyldi Viðlagasjóð Vestmannaeyja.

★ Í hann skyldi renna 6% við-

Framhald á bls. 31



**BÍLALEIGA**  
**VALUR**

22-0-22-  
RAUÐARÁRSTÍG 31



**BÍLALEIGA**  
**CAR RENTAL**

21190 21188

14444 25555



## STAKSTEINAR

### Náttúru- hamfarirnar

ENN er ekkert lát á náttúruhamförnumum í Vestmannaeyjum, og enn er ekki hægt að henda reiður á þeim skaða, sem þjóðin hefur orðið fyrir. Fyrirsjáanlegt er, að eignatjón Vestmannaeyinga verður geysimikið. Ekki er nóg með að fjöldi húsa hefur eyðilagzt af eldi og eimyrju, heldur er allur staðurinn þakinn vikri og ósku, sem eykst stöðugt. Og ef svo fer að höfnin lokast til frambúðar, þá breytist verðmetamat mjög á þeim fasteignum, sem jafnvel koma óskemmdar úr hamförnum.

Í öðru lagi er ljóst, að geysilegt félagslegt vandamál hefur komið upp. Fjöl-

skyldur þurfa að taka sig upp við verstu aðstæður og flytjast til staða, sem hafa upp á ónógt húsnæði að bjóða, og það sem fæst, er oft mjög lélegt. Allir sjá hvílik geysileg viðbrigið það eru að þurfa að flytja fjölskyldu sína úr eigin húsnæði, sem komið hefur verið upp af elju-semi athafnasamra einstaklinga, og flytja í þröng og ófullkomin húsakynni, og búa við stórlega skert atvinnuskilyrði.

Börn missa sjónar af leikfélögum og vinum í stórbænum, skólalagana þeirra er erfiðleikum bundinn og þau eru rifin úr fyrra umhverfi snögglega og óvænt.

Í þriðja lagi er svo bátaflotinn og atvinnutækin. Að visu hafa þau ekki stöðvæzt lengur en gerist í meðal verkfalli, en augljóst er, að afhafnastarfsemi, sem við þessi

framleiðsluteki er bundin, verður mun óhagstæðari og nýting þeirra verri en ef þau væru gerð út frá Vestmannaeyjum. Ekki þarf að minna á hin fullkomnu frystihús, sem eru og verða óstarfnaet um ótítlekinn tíma. Hér hefur aðeins verið minnt á nokkur atriði í þeim erfiðleikum, sem eldgosíð í Vestmannaeyjum hefur. Auðvitað er hér um geysilegt efnahagslegt tjón að ræða, en menn verða þó að varast að rugla þessum atburðum saman við efnahagslíf landsins og þær umræður, sem um það höfnu orðið, áður en þessir atburðir gerðust.

### Aðstoð erlendra ríkja

Fjöldamörg ríki hafa boðið

fram aðstoð sína, vegna þeirra erfiðleika, sem náttúruhamfarirnar hafa í för með sér, rétt eins og við Íslendingar höfum gert, þegar eitthvað hefur verulega bjátt að á hjá öðrum þjóðum.

Bandaríkin buðu fram aðstoð þegar hina umbrotasömu nótt og áréttuðu þannig orð forsætisráðherrans í áramótaráæðu, þar sem hann benti á, að Bandaríkin hafi ætíð verið okkar mesta vinahjód. Þjóðviljinn hefur ekki getað á heilum sér tekið vegna þessa, og hefur verið uppfullur af skætingi út í Bandaríkjamenn. Framsóknarráðherrarnir ættu nú að sýna manndóm og umgangast Bandaríkjustjórn í samræði við þá einkunn, sem forsætisráðherrann gaf Bandaríkjamönnum.

## Eyjadeild á Borgarspítala

Ólafur KR Guðmundsson, skurðlæknir á sjúkrahúsinu í Eyjum, hefur rætt við landlækni um það hvornig heilsugæzlu yrði háttáð fyrir Vestmannaeyinga, sem komnir eru til Reykjavíkur. En á sjúkrahúsum í Reykjavík eru um 50–60 manns frá Eyjum. Var ákveðið að leggja til, að heilsugæzlustöð yrði fyrir Vestmannaeyinga í nýju Grensásdeild Borgarspítalans, sem ekki hefur verið hægt að opna vegna mann-

leysis og mætti starfsfólk sjúkrahússins í Eyjum eiga von á að vera kallað þangað til starfa. Þar yrði þá sjúkrahús Vestmannaeyinga. Einar Valur Bjarnason sjúkrahúslæknir gæti að verða eftir í Eyjum, en Ólafur KR Guðmundsson að vera á sjúkrahúsinu í Reykjavík og sinna Vestmannaeyingum og seinna mundu þeir svo skipulagum.

## 10 þús. kr. sænskar

VESTUR-SÆNSKA fiskimannasambandið hefur lagt 10 þús. kr. sænskar (um 206 þús. ísl. kr.) í söfnun sænska dagsblaðsins Göteborgs-Posten til styrktar Vestmannaeyingum. Formaður sambandsins, Þingmaðurinn Georg Áberg, bað við það tækifæri fyrir kveðjur til Vestmannaeyinga og sagði, að þrátt fyrir ólík sjónarmið varðandi fiskveiðitakmörk, þá skyldi fullvissað um, að sænskir fiskimenn stæðu með Vestmannaeyingum á stund neyðarinnar.

## Auglýsing

um gjalddaga fyrirframgreiðslu  
opinberra gjalda 1973.

Samkvæmt reglugerð um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda nr. 95/1962, sbr. rglg. nr. 112/1963, nr. 100/1965 og nr. 2/1972, ber hverjum gjaldanda í Reykjavík að greiða á fimm gjalddögum frá febrúar til júní, fyrirfram upp í opinber gjöld, fjárhæð sem svarar 60% þeirra gjalda, sem á hann voru lögð s.l. ár.

Gjaldseðlar hafa verið sendir út og er þar tilgreind skipting á gjalddaga.

Fyrsti gjalddagi fyrirframgreiðslu er 1. febrúar n.k. Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga,

## VESTMANNAEYINGAR

Við bendum á hugsanlegan möguleika.

Vorum að fá til landsins HIÖLHÚS, sérstaklega gerð til vetrarnotkunar.

★ Mjög vel einangruð — ★ Tvöfalt gler.

★ Góð kynding (yfirstærð af ofnum).

Öll húsin eru tilbúin til notkunar. Húsin eru með 5 rúnum, fullkomnu eldhúsi, klósetti ef vill. —

Þetta eru hús sem þér getið flutt með yður hvert á land sem er. — Hagstætt verð. — Greiðsluskilmálar. —

Hátt endursöluverð.

GÍSLI JÓNSSON & C. HF.,  
Skúlagötu 26 – Sími 11740.

## CAVALIER Hjólhús

